

ERLA MARÍA MARKÚSDÓTTIR

Klæðist bláum fötum við hvert tækifæri

tíska  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FARSÍMAR

Nýjungar og bættir notkunarmöguleikar

Sérblað um farsíma  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



OPNUNARHÁTÍÐ  
Á SMÁRATORGI Á  
LAUGARDAGINN



A4 Skrifstofa og skóli

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

23. júlí 2009 — 173. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Vildi ekki flytja frá Flúðum



Noomi Rapace, stjarna Karla sem hata konur, ræðir um landið, rulluna og fleira.

FÓLK 26

### Gömul rök og ný


„Aðeins með undanbragðalausni uppgjöri við hrunið og alla helztu ábyrgðarmenn þess munu Íslendingar geta endurheimt sjálfsvirðingu sína og samheldni“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 16

### Fyrstur á sviði í Danmörku

Arnar Þór Viðarsson syngur fyrsta opinbera lag Gay Pride-hátíðarinnar í Danmörku.

TÍMAMÓT 18




### Íslandsmótið í höggleik

Bestu kylfingar landsins hefja keppni á Grafarholtsvelli í dag.

ÍPRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR VIÐAST TIL Í dag verða norðvestan 3-8 m/s. Skúrir með morgninum norðvestan og austan til en víðast bjartviðri á landinu eftir hádegi, síst austast og við Húnaflóa. Hiti 6-16 stig hlýjast SA-lands.

VEÐUR 4

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



REY CUP Alþjóðlega knattspyrnuhátiðin Rey Cup var sett kl. 21 í gærkvöldi. Leikið verður á tíu völlum í Laugardal og eru fimm erlend lið meðal þátttakenda. Afturerlding er hins vegar ekki á meðal þeirra fimm liða heldur var greinilega einhver of viljugur að líma stafi á skiltið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

## Málþóf ef Icesave verður ekki frestað

Stjórnarandstaðan undirbýr málþóf verði Icesave-málinu ekki frestað fram á haust. Menn farnir að búa sig undir að frumvarp verði fellt en ríkisstjórnin lifi.

ALÞINGI Stjórnarandstaðan býr sig undir málþóf verði frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave ekki frestað. Einn heimildarmanna blaðsins orðaði það þannig að einingin „hjörli“ yrði úrelt; en hún er notuð yfir langar ræður í stíl Hjörleifs Guttormssonar.

Innan stjórnarmeirihlutans búa menn sig nú undir að frumvarpið verði fellt verði því ekki frestað. Það þurfi hins vegar ekki að fella stjórnina og vilji sé til áframhaldandi samstarfs. Verði málinu frestað sé möguleiki á að þverpólítísk samstaða náist um það.

Utanríkismála- og efnahags- og skattanevnd afgreiddu sín álit í gær. Athygli vekur að þrjár vara-

menn sátu fund þeirrar síðarnefndu. Lilja Mósesdóttir, sem kallaði inn varamann, sagðist hafa gert það frekar en að fella álit meirihlutans. Ljóst er að Lilja mun ekki styðja frumvarp í svipuðum dúr og nefndarálitni.

Lilja segir að hún hafi verið ósátt við álitnið, það hafi gert of mikið úr hættunum af því að fella samninginn og of lítið úr afleiðingum þess að samþykka hann. „Ég fékk eitt-hvað af mínum breytingartilögum í gegn en ekki nóg,“ segir Lilja.

Fjárlaganefnd fundaði í gær um málið, en óvíst er hvenær það verður afgreitt þaðan. Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið í Icesave-samningnum er ákvæði um ríkis-

ábyrgð. Þar er kveðið á um að íslenska ríkið ábyrgist „óafturkræfilega og skilyrðislaust gagnvart“ Bretum og Hollendingum að Tryggingarsjóður innstæðueigenda muni standa við Icesave-skuldbindingarnar. Fulltrúar Seðlabankans vísuðu í þetta ákvæði sem svar við þeirri spurningu hvort hægt væri að setja bindandi fyrirvara.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vildi ekki staðfesta að málþófs væri að vænta. „Við þurfum þó að ræða um málið,“ sagði hann. Hann segist ekki skilja asann í utanríkismálanefnd, ekkert hafi legið á að klára málið, enda óvíst hvenær fjárlaganefnd tekur það fyrir. -kóp

## Einar Bárðarson í útvarpið: Kaninn aftur kominn í loftið

FJÖLMÍDLAR Einar Bárðarson athafnamaður undirbýr nú nýja útvarpsstöð sem til stendur að hefji formlega útsendingar 1. september. Hún hefur hlotið nafnið Kaninn og er staðsett á Keflavíkurlugvelli.

Hlustunarsvæðið verður suðvesturhornið til að byrja með. Að sögn Einars verður hin nýja útvarpsstöð í anda gamla Kanans sem setuliðið bandaríska á Miðnesheiði rak á sínum tíma – en með íslenskum röddum. „Það er gaman að prófa eitthvað nýtt. Nú hef ég rekið skemmtistaðinn Officeraklúbbinn í hálf tít og þetta liggur vel með þeim rekstri,“ segir Einar og lofar því að í loftinu verði „nöfn“ sem þó er ekki tíma-bært að greina frá hver eru. -jbg/ sjá síðu 34



EINAR BÁRÐARSON

## Tækni í golfi: GPS vinsælt á golfvöllinum

TÆKNI Farsímar með innbyggðu GPS hafa verið mjög vinsælir á golfvöllum í sumar en hægt er að hlaða niður forriti með mörgum golfvöllum Íslands í símann.

„Á síðunni www.mscorecard.com er hægt að hlaða niður forriti fyrir GPS-farsíma með upplýsingum um golfvelli á Íslandi,“ segir Heiðrún Þráinsdóttir, markaðs- stjóri Tækni- vara, en forritið er ekki ókeypis og kostar tæpa tuttugu dollara þó einnig sé hægt að fá tilrauna- útgáfu.



HEIÐRÚN ÞRÁINSDÓTTIR

„Síminn reiknar út vegalengdina frá kúlu að holunni og heldur utan um skorið þitt og punktana þína.“

-mmf/sjá Farsímar



## Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum **1990 kr.** Risa pizza

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



 Electrolux



# TAX FREE!

22-27 júlí

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF HEIMILISTÆKJUM

KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - ELDAVÉLAR - HELLUBORÐ - OFNAR - HÁFAR  
UPPÞVOTTAVÉLAR - ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR



# TAX FREE!

22 júlí-8 ágúst

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÚTILEGUVÖRUM

LEIKFÖNG - TJÖLD - SVEFNPOKAR - VINDSÆNGUR - FERÐAGRILL  
GRILLÁHÖLD - KÆLIBOX - TJALDSTÓLAR

Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



# Afnemum VSK

af allri útsöluvöru

**TAX  
FREE**

**ÚTSALA**

**fatnaður**

**og skór**

**verð aðeins**

**2000-2400 kr**

enn meiri  
**verð-  
lækkun**

UPPHAFLEGT VERÐ      TAX FREE VERÐ

~~499~~ KR.

200 KR.

~~799-999~~ KR.

400 KR.

~~1.299-1.699~~ KR.

800 KR.

~~1.999-2.499~~ KR.

1.200 KR.

~~2.999-3.999~~ KR.

1.600 KR.

~~4.499-6.999~~ KR.

2.400 KR.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



Hefur niðurskurður hjá lög-  
regluembættum landsins verið  
of mikill?

JÁ	83,9%
NEI	16,1%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Á að hækka bílprófsaldurinn í  
átján ár?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)




## EVROPUSAMBANDIÐ OG EVRAN

### Evrar gagnvart öðrum gjaldmiðlum

Á meðfylgjandi grafi má sjá hvernig gengi evrunnar hefur þróast gagnvart öðrum gjaldmiðlum frá því að evran var tekin upp árið 1999.

Athuga ber að myndin sýnir breytinguna á gengi evrunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Gengi allra gjaldmiðla er sett jafnt og einn í upphafi. Ef gengi gjaldmiðils hækkar þá táknar það styrkingu evrunnar og ef það lækkar þá er evran að veikjast. Ef við skoðum gengi íslensku krónunnar þá má sjá að fyrstu árin veiktist evran miðað við krónuna og því fengu Íslendingar fleiri krónur fyrir hverja evru. Líkt og sjá má þá snerist sú þróun við og



HEIMILD: SEDLABANKI EVRÓPU

frá upphafi árs 2006 hefur evran verið að styrkjast gagnvart íslensku krónunni. Íslenska krónan er þó ekki eini gjaldmiðillinn sem veikt hefur í

samanburði við evruna. Af meðfylgjandi grafi má sjá að allir gjaldmiðlar eru veikari nú en við upptöku evrunnar nema japanska jenið. - bpa

## Samtök átella Borgarbyggð: Vilja samræma veiðar á ref

**NÁTTÚRAN** Búnaðarsamtök Vesturlands óskuðu eftir því nýlega við öll sveitarfélög landsins að þau gæfu upp framkvæmd á refa- og minkaveiði í sveitarfélaginu. Telja þau að gríðarlega mikilvægt sé að samræma veiðarnar á milli sveitarfélaga.

Samtökin hafa áttalið Borgarbyggð fyrir niðurskurð vegna þessara mála. Fjárveiting til Borgarbyggðar kláraðist nýlega vegna þessara mála og ekki hefur verið farið að ósk ýmissa landeigenda um að eyða refa- og minkagrenjum. Frestur sveitarfélaga til að skila inn greinargerð er til 1. september.

- vsp

# Vonar að þjónusta lögreglu versni ekki

Þrátt fyrir kröfu um hagræðingu segist dómismálaráðherra vonast til að þjónusta lögreglu við borgara skerðist ekki. Lögreglustjóri varar við frekari niðurskurði. Spara á um 57,1 milljón á höfuðborgarsvæðinu á síðari hluta ársins.

**LÖGREGLUMÁL** „Þjónusta lögreglunnar við borgarana má ekki vera verri, okkar markmið er að þjónustan skerðist ekki, og ég vona að það takist,“ segir Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra. Unnið er að tillögum um niðurskurð hjá lögregluembættum landsins hjá dómismálaráðuneytinu, en óvíst er hvenær þær verða kynntar.

Ragna segir að lengi hafi legið fyrir að tíu prósent hagræðingarkrafa sé gerð til allra málaflokka annarra en menntamála og velferðarmála. Ekki hafi verið talið æskilegt að fara í flatan niðurskurð hjá lögregluembættum landsins, og því sé nú leitað annarra leiða til að mæta hagræðingarkröfunni.

Lögreglumenn hafa undanfarid bent á slæmt ástand löggæslu í landinu. Sú umræða hefur raunar verið í gangi lengi. Ragna segir að í dómismálaráðuneytinu sé fylgst grannt með þróun mála, en fjárveitingar hafi verið ákveðnar og ekki komi til greina að sækjast eftir aukafjárveitingu fyrir lögregluna.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segist ítrekað hafa varað við frekari niðurskurði hjá lögreglu. Fjárveitingarvaldið sé hins vegar hjá Alþingi, og þegar þaðan berist fyriræmi um niðurskurð verði að hlíta því.

Lögregluembætti um allt land þurfa að skera niður í rekstri á síðari hluta ársins. Stefán segir að gerð sé krafa um að skorið verði niður um 57,1 milljón króna á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglumenn fullyrða að viðbragðstími lögreglu sé í mörgum tilvikum óviðunandi. Stefán segist ekki hafa tölfræði um það fyrir framan sig, en verkefnum sé augljóslega forgangsraðað. Forgangsverkefnum sé sinnt fyrst á kostnað verkefna sem megi bíða. Það skili sér óhjákvæmilega í því að lengri tíma taki að leysa úr verkefnum sem geti beiðið.



**NIÐURSKURÐUR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þarf að skera niður um 57,1 milljón króna á síðari helmingi ársins. Lögreglustjóri segist ítrekað hafa varað við frekari niðurskurði, en fjárveitingarvaldið sé hjá Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stefán hafnar því að fjárskortur hafi valdið því að ekki hafi verið til tómir diskar fyrir upptöku-tæki lögreglu, eins og lögreglumenn fullyrða. Lögreglan endurnýti gamla diska og handvömm hafi valdið því að ekki hafi verið til tómir diskar. Úr því hafi nú verið bætt.

Hanna Birna Kristjánsdóttir

borgarstjóri segir Reykjavíkurborg hafa átt mjög gott samstarf við löggæslufyrirvöld á liðnum árum. Astandið sé þannig að allir verði að skera niður, en hún treysti því að lögregla og dómismálayfirvöld útfæri slíkan niðurskurð með hagsmuni borgarbúa í huga.

brjann@frettabladid.is



PAPPÍRSLAUS  
VIÐSKIPTI  
FRÁ 1. ÁGÚST 2009  
SPARNAÐUR  
Í ÞÍNA ÞÁGU

## Viðskiptavinir Byrs geta sparað sér þúsundir króna á ári!

Frá og með 1. ágúst nk. verður allur hefðbundinn póstur frá Byr sendur út rafrænt. Pósturinn er sendur beint í heimabankann þinn.

Byr mun því ekki lengur senda út eftirfarandi:

- Reikningsfirlit
- Kreditkortayfirlit
- Greiðsluseðla lána og kreditkorta

Engin breyting verður á útsendum pósti til ófjárráða einstaklinga. Pappírslaus viðskipti fela í sér bæði einfaldari og öruggari samskipti. Pósturinn skilar sér alltaf til þín í heimabankann sem aðeins þú hefur aðgang að.

Dæmi um sparnað	Fjöldi á ári	Sparnaður á ári
Yfirlit launareiknings	4	380 kr.
Kreditkortayfirlit og greiðsluseðill*	12	2.100 kr.
Greiðsluseðill lána í íslenskum krónum*	12	5.160 kr.
Greiðsluseðill lána í erlendri mynt*	12	3.600 kr.
<b>Samtals sparnaður á ári:</b>		<b>11.240 kr.</b>

\*Miðað er við skuldfærslu og rafrænt yfirlit

Hægt er að sækja um pappír og heimabanka Byrs á [www.byr.is](http://www.byr.is), í næsta útibúi Byrs eða með því að hringja í síma 575 4000.



## FJÖLGUN BROTA ÁHYGGJUEFNI SEGIR DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Innbrotum sem skráð hafa verið hjá lögregluembættum landsins fjölgaði um 78 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Alls voru 1.837 innbrot framin á tímabilinu, sem jafngildir því að tíu innbrot séu framin daglega. Þá hefur þjófnaðartilvikum fjölgað um helming, úr 1.613 í 2.440, á fyrstu sex mánuðum ársins.

Á sama tímabili eru skráð umferðarlagabrot hjá lögreglu um tíu prósentum færri samanborið við sama tímabil í fyrra. Skráðum hraðakstursbrotum fækkar um 4,6 prósent, akstri gegn rauðu ljósi um þriðjung og ölvunarakstri um tæplega 29 prósent.

„Fjölgun brota er auðvitað áhyggjuefni,“ segir Ragna Árnadóttir dómismála-



**INNBROT** Tíu innbrot eru framin dag hvern miðað við fjölda innbrota fyrstu sex mánuði ársins. Myndin er sviðsett.

ráðherra. Starfsmenn dómismálaráðuneytisins hafa ekki greint hvers vegna mikil aukning sé í sumum brotaflokkum en skráðum tilvikum fækki í öðrum. Því vilji hún ekki tjá sig um hvort þessar tölur endurspegli áhrif niðurskurðar undanfarið.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að vissulega sé hægt að túlka þessar tölur þannig að almennt eftirlit lögreglu sé minna nú en áður.

Tölurnar megi þó einnig túlka þannig að áherslur lögreglu séu ekki endilega þær að ná sem flestum brotlegum öku-mönnum. Eðlilegra sé að mæla árangur lögreglu af umferðareftirliti í til dæmis slysatölum.

- bj

# Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR  
af allri útsöluvöru

Gildir ekki af vörum Jane Norman og Oasis  
og aðeins af völdum vörum hjá NTC

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



**1. Í hversu mörgum Evrópu-sambandslöndum eru hægri sannaðar ríkisstjórnir?**

**2. Hvenær fékk Namibía sjálfstæði?**

**3. Hverjir ætla að keyra hringinn á bil knúnum íslensku metani?**

SIÁ SVÖR Á SÍÐU 34

## Finnur Sveinbjörnsson segir að hann hafi fengið jákvæð viðbrögð erlendis frá: Aðkoma erlendra aðila gagnleg

**VIÐSKIPTI** „Við bindum miklar vonir við þetta óbeina eignarhald erlendra fjármálafyrirtækja á bankanum,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings. Hann segir að tengingin muni væntanlega gagnast bankanum ákaflega vel við að byggja upp eðlileg bankasambönd á ný. „Þau viðbrögð sem bankinn hefur fengið vegna aðkomu erlendra aðila að bankanum hafa verið jákvæð.“

Finnur segir að nýir eigendur bankans hafi vald yfir bankanum frá þeim tímupunkti sem þeir taka hann yfir auk þess sem þeir muni hafa fjóra af fimm stjórnarmönnum. „Hugsanlegt er þó að kveðið

verði á um það í hluthafasamkomulagi að það verði einhverjar takmarkanir á því hvað hinir nýju eigendur bankans geti tekið sér fyrir hendur. Til dæmis verði ekki hægt að umturna starfsemi bankans á skömmum tíma eftir yfirtöku þeirra,“ segir Finnur.

Hann segir að kröfuhafar gamla bankans séu ekki einvörðungu erlendir og trúlegt að einhverjir lífeyrissjóðir og aðrir íslenskir aðilar séu þar á meðal. Því mun 87 prósent hlutur sem kröfuhafar gamla Kaupþings geti eignast ekki vera einvörðungu í eigu erlendra aðila. Óljóst er þó hve stór hluti mun vera í eigu Íslendinga. - bpa



**BANKASTJÓRI NÝJA KAUPÞINGS** Finnur Sveinbjörnsson segir hugsanlegt að einhverjar takmarkanir verði á því hvað nýir eigendur bankans geti tekið sér fyrir hendur og ekki hægt að umturna starfsemi bankans á einni nóttu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Laun hækkað frá hrúni: Laun hækka lít- ið milli mánaða

**VINNUMARKAÐUR** Laun hækkuðu um 0,2 prósent á milli mánaða samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir júní sem birt var í gær. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um þrjú prósent.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að þetta sé mun minni hækkun en á sama tíma fyrir ári þegar laun hækkuðu um 1,2 prósent milli mánaða. Laun hafa þó hækkað um 1,3 prósent frá hrúni í október. Helstu ástæður þess séu samningsbundnar hækkanir sem samið var um fyrir hrún en hafa komið til framkvæmda á tímabilinu. - bpa

## Eldri borgarar vilja hærri lífeyri: Hækki eins og lágmarkslaun

**FÉLAGSMÁL** Landssamband eldri borgara sendi félags- og tryggingamálaráðherra bréf í gær þar sem óskað er eftir því að hann „leiðrétti lífeyri ellilífeyrisþega til samræmis við kauphækkun ASÍ og BSRB“. Jafnframt var óskað eftir því að sú skerðing sem varð á lífeyri 1. júlí verði leiðrétt.

Frá 1. júlí hafði lífeyrir verið skertur. Til dæmis hafði frítækjumar- k lífeyrisþega lækkað og sú breyting gerð að lífeyrissjóðstekjur skerði grunnlífeyri. Í bréfinu segir að það hafi verið viðtekin venja að lífeyrir aldora hækkaði í samræmi við hækkun lágmarkslauna. „Eldri borgarar hafa tapað miklum fjárumum á hrúni bankanna og máttu sæta mikilli skerðingu á lífeyri sínum um síðustu áramót.“ - vsp

## Þingfesting í brennumáli: Eiga yfir höfði sér minnst 2 ár

**DÓMSMÁL** Hinir ákærðu í brennumálinu svokallaða, þegar þrír menn tóku sig til og reyndu að brenna mann inni á Kleppsvegi í júní, voru allir ákærðir fyrir meiriháttar brennubrot. Verði þeir fundnir sekir eiga þeir yfir höfði sér minnst tveggja ára fangelsi og allt að ævilöngu fangelsi. Málið var þingfest á þriðju- dag.

Einn ákærða í málinu, Jón Kristinn Ásgeirsson, er sá sami og keyrði yfir mann á Hummerbíl á Laugaveginum í Reykjavík fyrr á árinu. Þingfesting í því máli er á mánudag.

Hinir tveir eru einnig ákærðir fyrir fleiri brot. Annar fyrir fjársvikabrot og hinn fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis- og fíkniefna og ekið yfir á rauðu ljósi. - vsp



**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti brá sér á þriðjudag út í garðinn við Hvíta húsið að ræða við fjölmiðla um heilbrigðisfrumvarp sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Heilbrigðismálin gætu þurft að bíða

Barack Obama leggur þessa dagana allt kapp á að koma frumvarpi sínu um heilbrigðismál í gegnum þingið. Voldugir hagsmunahópar berjast af hörku gegn málinu og andstæðingar forsetans vona að það verði honum að falli.

**BANDARÍKIN** Barack Obama hefur nú í vikunni mætt harðri andstöðu á Bandaríkþingi gegn frumvarpi sínu um víðtækar umbætur í heilbrigðismálum. Stórum hluta þingmanna, einkum repúblikönum en einnig mörgum demókrötum, vex í augum sá kostnaður sem frumvarpið er talið hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

Frumvarpið þykir einnig það flókið, að þingmenn vilja gjarnan fá meiri tíma til að grandskoða það. Fátt bendir því til þess að atkvæðagreiðsla um frumvarpið fari fram í ágúst, eins og Obama hafði stefnt að.

Aðalmarkmið frumvarpsins er að allir Bandaríkjamenn njóti heilbrigðistryggingar. Nærri fimmtíu milljónir Bandaríkjamanna, einn af hverjum sex, eru nú án heilbrigðistryggingar.

Obama segir þó mikla vinnu hafa verið lagða í að draga úr

kostnaðinum. Þingið hafi auk þess árum saman verið að leita leiða til að bæta heilbrigðistryggingakerfið og ætti því að hafa góða þekkingu á málinu.

„Við höfum ekki efni á pólitík tafa og ósigurs þegar að heilbrigðismálum kemur,“ sagði Obama nú í vikunni og leggur allt kapp á að fá málið í gegn sem fyrst.

Hann vitnaði í repúblikana á þingi sem hafi sagt að takist þeim að fella þetta mál þá verði það forsetanum að falli.

„Hugsíð ykkur,“ sagði hann svo. „Þetta snýst ekki um mig, þetta snýst ekki um pólitík. Þetta snýst um heilbrigðiskerfi sem er að sliga bandarískar fjölskyldur, bandarísk fyrirtæki og bandarískt efnahagslíf.“

Meðal þeirra sem styðja Obama af heilum hug í þessu máli er repúblikaninn Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, sem

sjálfur hefur reynt að koma á viðtækum heilbrigðisumbótum í ríki sínu, en strandaði á ofurafli hagsmunahópa sem stöðvuðu frumvarpið.

„Ókkur tókst það næstum því,“ sagði Schwarzenegger í viðtali á sjónvarpsstöðinni ABC. „Við höfðum fengið málið samþykkt í neðri deildinni, en þegar það fór til öldungadeildarinnar þá var það fellt vegna sérhagsmunaaðila sem voru of valdamiklir.“

Heilbrigðismálin eru reyndar aðeins annað af tveimur stórum frumvörpum, sem Obama hefur undanfarna mánuði reynt að fá þingið til að samþykkja. Hitt snýst um loftslagsmálin og gengur út á það að bandarísk fyrirtæki og almenningur dragi verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, og fái til þess vænan stuðning úr ríkissjóði.

kgusteinn@frettabladid.is

**KRYDDSMJÖR**  
gerir grillmat að hreinu lostæti!

NÝJAR HANDHÆGAR UMBÚÐIR

**LYFJA** - Lífið heil

www.lyfja.is

**Lyfja lækkar verðið +**  
20% afsláttur af öllum Scholl vörum í verslunum Lyfju í júlí.

## Karlmaður dæmdur til fangavistar fyrir að níðast á barnungri dóttur sinni: Árs fangelsi fyrir kynferðisbrot


**DÓMSMÁL** Karlmaður var dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir ýmis kynferðisbrot gegn dóttur sinni í Héraðsdómi Suðurlands í fyrradag. Neitaði hann allri sök í málinu.

Var hann sakfelldur fyrir að hafa, nokkrum sinnum á árunum 2005 til 2008, káfað á kynfærum dóttur sinnar og í eitt skipti fyrir að fróa sér fyrir framan hana. Fyrstu brotin áttu að hafa átt sér stað þegar hún var níu ára. Þótti framburður dótturinnar sannfærandi og voru henni dæmdar 600 þúsund krónur í miskabætur.

Maðurinn var hins vegar sýk-

aður af öllum ákærum vegna brota gegn stjúpdóttur sinni. Ákæran laut að nokkrum brotum á árunum 2001 til 2005 þar sem hann átti meðal annars að hafa káfað á kynfærum hennar. Nýjasta brotið var ósk mannsins um að hafa samfarir við hana þegar hún næði tvítugsaldri. Kynferðisbrotin hófust við tíu ára aldur.

Gegn eindreginni neitun ákærða taldi dómurinn að ekki væri komin fram nægileg sönnun, sem ekki yrði vefengd með skynsamlegum rökum, fyrir því að ákærði væri sekur um þá háttsemi sem honum



**DÓMSALUR** Maðurinn var ekki dæmdur fyrir meint kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

var gefin af sök. Var hann einnig sýknaður af miskabótakröfu stjúpdóttur sinnar. - vsp



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



E.S PANNA 22 sm aðeins **998 kr.**



E.S PANNA 26 sm aðeins **1298 kr.**



E.S PANNA 28 sm m/glerloki **1898 kr.**



E.S SÓSU-POTTUR 1,5 ltr **1398 kr.**



EINNOTA GRILL **259 kr.**




E.S STÁLPOTTUR 10 ltr. **3598 kr.**




E.S STÁLPASTAPOTTUR 4,5 ltr. **1998 kr.**



E.S STÁLPOTTUR 3 ltr. **1698 kr.**



**259**  
50 STK



**498**  
50 STK.



**159**  
50 STK.



**159**  
24 STK

**Koopman einnota  
útileguáhöld**

DISKAR 22 CM 50 STK **498 kr.**  
GLÖS HVÍT 50 STK **159 kr.**  
HNÍFAPÖR 24 STK **159 kr.**  
SNAPSGLÖS 50 STK **259 kr.**

# SUMARHÁTÍÐ Á KORPUTORGI

SÆLGÆTIS-  
BARINN  
**50%**  
AFSLÁTTUR  
ALLA DAGA



**598**

598 kr. 8 ltr./ 4 FLÖSKUR.

COKE- LIGHT- ZERO 4 FL. 2 LTR. (8 LTR.) **598 kr.**



**698**

**1198**

FERSKAR ÍSLENSKAR GRÍSAKJÖT  
aðeins **1198 kr./kg.**  
G.V FERSKAR ÍSLENSKAR  
GRÍSAKÓTILETTUR aðeins **698 kr./kg.**



**1198**

FERSKT HREFNUKJÖT / FERSKT KRYDDAÐ  
HREFNUKJÖT TILBÚÐ Á GRILLIÐ.  
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **1198 kr./kg.**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

Háskóli Íslands endurgreiðir stúdentum:

## Ekkert vanefndagjald

**MENNTUN** Fallið hefur verið frá áformum um að innheimta vanefndaálag á skráningargjöld við Háskóla Íslands.

Skráningargjöldin eru 45 þúsund krónur og voru á gjalddaga 10. júlí. Fimmtán prósentu álagning, 6.750 krónur, var lögð á gjöldin eftir gjalddaga, þrátt fyrir að eindagi sé ekki fyrr en 10. ágúst.

Fjármálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands sendi fjármálastjóra og skrifstofustjóra nemendaskrár bréf á þriðjudag þar sem fram kom að nefndin teldi að ekki væri heimild í lögum til álagningarinnar.

Í gær var svo ákveðið að falla



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Fimmtán prósentu vanefndagjald hefur verið afnumið.

frá álagningunni og endurgreiða þeim sem höfðu greitt hana. - þeb

## Bleiki Toppbikarinn

Leikið verður á 7 mótum í sumar.  
Keppnisfyrirkomulag er Texas Scramble.

Sigurlið hvers móts vinnur þátttöku í lokamótinu. Einnig er eitt lið dregið út í hverju móti sem vinnur þátttökurétt í lokamótinu.

**Golfklúbburinn sem á sigurvegara lokamótsins varðveitir bikarinn í ár.**

### Næstu Mót eru:

**Laugardagur 25.07.09** Golfklúbburinn Kjölur (GKJ)  
**Sunnudagur 26.07.09** Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) Mótið fer fram á Akranesi  
**Laugardagur 08.08.09** Golfklúbbur Ísafjarðar (GÍ)  
**LOKAMÓT - Laugardagur 12.09.09** - Golfklúbbur Borgarness (GB)

### Vinningar:

- 1. sæti** - 25.000 kr. inneign í Golfbúðinni Hafnarfirði á hvern liðsmann plús þátttaka í lokamóti í Borgarnessi, gisting og háfíðarkvöldverður innifalinn
- 2. sæti** - 15.000 kr. inneign í Golfbúðinni Hafnarfirði á hvern liðsmann
- 3. sæti** - 10.000 kr. inneign í Golfbúðinni Hafnarfirði á hvern liðsmann
- 4. sæti** - 5.000 kr. inneign í Golfbúðinni Hafnarfirði á hvern liðsmann

Nándarverðlaun á fjórum þrumum - Grimson púttur

Skráning á [www.golf.is](http://www.golf.is) og nánari upplýsingar á [www.vifilfell.is](http://www.vifilfell.is)  
 Mótsgjald er 4.000 kr. pr. mann  
 Veglegir vinningar og teiggjafir.

Bleiki Toppbikarinn er fjáröflunarverkefni  
 Krabbameinsfélagsins og Vifilfells í samvinnu við GSÍ.

**Taktu þátt í að efla leitarstarf Krabbameinsfélagsins.**

OPÍÐ  
BÁÐUM KYNJUM



Krabbameinsfélagið

Það er styrkur í Toppi  
**toppur**



**Bleika slaufan**  
-árvæknisáttak um brjóstkrabbamein



**FYLGST MEÐ MYRKVANUM** Þessir tveir helgu menn í Allahabad á Indlandi vörðu augu sín með þar til gerðum gleraugum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Milljónir fylgdust með sólmyrkva aldarinnar í Asíu:

## Sums staðar talinn vera illur fyrirboði

**JAPAN, AP** Milljónir manna í Asíuríkjum horfðu til himins í gær þegar sólmyrkvi varð. Almyrkvinn stóð yfir lengur en nokkur annar almyrkvi á sólu sem von er á alla þessa öld.

Í Sjanghæ skutu Kínverjar upp flugeldum og dönsuðu á götum úti. Ekkert sást hins vegar í Peking, þar sem gráleit mengunarpoka lá yfir borginni.

Margir töldu sólmyrkvann reyndar illan fyrirboða og héldu sig inni við meðan hann gekk yfir. Á Taílandi komu til að mynda tugir munna saman til bænahalds í búddahöfi í Bangkok til að verja landið þeirri ógæfu, sem myrkvinn átti að boða.

Fyrst sást myrkvinn á Indlandi, rétt eftir dögum að staðartíma. Síðan barst hann austur yfir álfuna sunnanverða. Á japönsku eyjunni Akuseki héldu nautgripir beina leið að fódurstað, greinilega fullvissir um að nótt væri skollin á. Um tvö hundruð ferðamenn höfðu safnast saman þar á eyjunni til að fylgjast með myrkvanum.

Þúsundir Indverja böðuðu sig í ánni Ganges til að hreinsa sig af syndum meðan myrkvinn varði, en mun fleiri stóðu á bökkum



**SÓLIN MYRKVAST** Í Pakistan mátti sjá þennan deildarmyrkva frá bænum Multan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fljótsins og fylgdust með. Troðningurinn varð það mikill að 65 ára kona lést og nokkrir særðust illa.

- gb

Hafa selt 5,2 milljónir iPhone:

## Gott uppgjör hjá Apple

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Apple jókst um fimmtán prósent á síðasta ársfjórðungi samkvæmt uppgjöri fyrirtækisins sem kynnt var á þriðjudag. Hagnaður Apple var nokkuð meiri en greinendur höfðu gert ráð fyrir og hækkuðu hlutabréf fyrirtækisins um 4,5 prósent strax í kjölfarið.

Helstu ástæður góðs árangurs er mikil sala á iPhone-símanum. Alls hafa selt 5,3 milljónir síma. Þá jókst sala á tölvum fyrirtækisins þrátt fyrir að eftirspurn eftir tölvum almennt sé á niðurleið í heiminum. Eini veiki punkturinn í uppgjörinu er minni sala á Ipad-spilurum. - bpa

Jón Gerald Sullenberger stofnar lágvöruverðsverslunina Smartkaup:

## Stefna að því að opna fyrir september

**VIÐSKIPTI** „Við erum að stefna að því að opna einhvers staðar frá 15. ágúst til 1. september,“ segir Jón Gerald Sullenberger athafnamaður.



JÓN GERALD SULLENBERGER

ur spurður hvenær hann hyggist opna nýja lágvöruverðsverslun sína Smartkaup. Sem stendur er hann staddur á Flórída að skipuleggja verslunina sem verður til húsa á Dalvegi 10-14, þar sem InnX er sem stendur. Jón segir verslunina verða ágætis mótvægi við þær sem fyrir eru en eigendur þeirra eru „búnir að setja þjóðina á hliðina og halda enn lífi í sínum búðum“.

Nokkur vinna er fram undan til þess að hægt sé að opna verslunina, að sögn Jóns. Skipta þarf

um hurðir og breyta versluninni að innan. Búið er að auglýsa eftir verslunarstjóra og fjármála- stjóra en enn á eftir að auglýsa eftir almennu starfsfólki, afgreiðslufólki og lagerstarfsmönnum. Jón Gerald segir marga hafa sótt um stöður verslunar- og fjármálastjóra. „Það er alveg „non-stop“,“ segir Jón.

Stór auglýsingaborði á húsinu, sem sést þegar ekið er eftir Reykjanesbrautinni í átt að Garðabæ, hefur vakið athygli en á honum stendur stórum stöfum: „Hér opnar ný lágvöruverðsverslun.“ Fyrir neðan stendur: „Spörum og njótum lífsins – Jón Gerald Sullenberger.“ - vsp

**SPÖRUM OG NJÓTUM LÍFSINS** Hér opnar nýja lágvöruverðsverslunin Smartkaup sem Jón Gerald Sullenberger stendur fyrir. „Spörum og njótum lífsins.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ICELANDAIR Samkeppnisyrifvöld töldu Icelandair vera að misnota markaðsráðandi stöðu sína með netsmellum.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Iceland Express höfðar mál:

## Mál vegna eldri brota Icelandair

**SAMKEPPNI** Iceland Express undirbýr nú málshöfðun á hendur Icelandair vegna Netsmella-tilboða Icelandair. Dómkveðja á matsmenn af héraðsdómi í dag til að meta meint tjón Iceland Express vegna þessa. Í kjölfarið verður svo ákveðið hvort mál verði höfðað.

Málið má rekja til ársins 2003 þegar Iceland Express kvartaði til samkeppnisyrifvalda vegna Netsmellanna. Komist var að þeirri niðurstöðu að tilboð Icelandair hafi falið í sér skaðlega undirverðlagningu. Árið 2004 hóf Icelandair að bjóða svipuð tilboð aftur og komist var að þeirri niðurstöðu árið 2007 að fyrirtækið væri að misnota markaðsráðandi stöðu sína. - vsp

Neyðarmúrsteinar í strætó:

## Í neyð, hendið múrsteininum

**KÍNA** Kínverskt rútfyrirtæki hefur tekið í notkun sérstaka neyðarmúrsteina sem farþegum er ætlað að nota til að brjóta sér leið út í neyðartilvikum.

Múrsteinarnir leysa hamra sem flestir rútfarþegar kannast við af hólmi. Talsmaður Harbin-rútfyrirtækisins segir farþega hafa verið sólgna í hamrana, og þeim því reglulega stolið úr rútunum, að því er fram kemur á vefnum Transport News.

Múrsteinarnir eru málaðir gulir, og á þá er skrifað „fyrir neyðartilvik“. Einn er geymdur undir sæti bílstjórans og annar undir aftasta sætinu. - bj

### VESTFIRÐIR

#### Uppsalsafn frestast

Opnun safns á bæ Gísla á Uppsölum í Selárdal hefur verið frestast. Stefnt hafði verið að því að opna safnið í sumar. Tilkynnt verður síðar hvenær safnið verður opnað. Það er Uppsalsafélagið, með þá Árna Johnsen og Ómar Ragnarsson fremsta í flokki, sem sér um gerð safnsins.

**45 milljónir**

**45 MILLJÓNIR Í ÚTILEGUNA?**

Lottópotturinn er **sexfaldur** og stefnir beinustu leið í **45 milljónir**. Ekki gefa milljónunum frí. Leyfðu þér smá Lottó!

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAD EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

## „ORÐRÉTT“

Hvar hefurðu verið allt mitt líf?

„Sjónarmið velferðarþjónustunnar ættu að ráða því hversu lausan tauminn við gefum fjármálmarkaðnum á hverjum tíma.“

ÁRNI PÁLL ÁRNASON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Fréttablaðið, 22. júlí

Mæltu manna heilastur

„Það er alveg ljóst að best væri að þurfa aldrei að taka þvagsýni til að sanna að viðkomandi einstaklingur sé ölvaður.“

ÓLAFUR HELGI KIARTANSSON SÝSLUMADUR

Fréttablaðið 22. júlí

# tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR SÖNGKONA

## Ferðast um landið og kynrir plötu

„Það er bara það að fréttu að við vorum að byrja tónleikaferðalag í gær (þriðjudag). Við spiluðum á Græna hattinum á Akureyri þar sem var fullt út úr dyrum og erum komin á Vopnafjörð núna,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir söngkona. Hún er nýbúin að gefa út geisladisk með lögum sænska tónskáldsins Cornelis Vreeswijk, sem er að sögn Guðrúnar mjög þekktur á Norðurlöndunum. Hún ferðast nú um landið ásamt sex öðrum tónlistarmönnum þar sem geisladiskurinn er kynntur á tónleikum. „Þetta er sænsk-íslenskt samstarf, við erum með þrjá Svía og svo erum við fjórir Íslendingar.“

Það er Aðalsteinn Ásberg sem íslenskaði texta Vreeswijks, en hann kynnir líka tónleikana og segir sögur af tónskáldinu að sögn Guðrúnar. Hópurinn



spilaði á Vopnafirði í gærkvöldi og verður á Húsvík í kvöld. „Svo verðum við í Stykkishólmskirkju á föstudag, í Norraena húsinu á laugardag og á Gömlu-Borg í Grímsnesi á sunnudag. Við Aðalsteinn erum búin að ganga með þessa hugmynd í maganum mjög lengi.“

Tónlist Vreeswijks er vísn- og þjóðlagatónlist og Guðrún segir að það hafi komið á óvart hversu marga aðdáendur hann virðist eiga hér á landi. Hún segist aðspurð telja að meira og minna allt sumarfríð fari í kynningar á plötunni, en hún telur það ekki eftir sér. „Við erum bara að ferðast um landið í rútu. Það er eitt það skemmtilegasta sem ég geri að koma fram úti á landi, þótt það sé gaman í Reykjavík líka. Náðin er svo mikil á minni stöðum.“

## FRÓÐLEIKUR HÁLF MILLJÓN MANNA

■ Íbúar Evrópusambandsins eru næri hálfur milljarður talsins, nú þegar aðildarríkin eru orðin 27. Flatarmál þessara ríkja er samtals 4.325 þúsund ferkílómetrar, en það er næri helmingi minna landsvæði en Brasilía hefur yfir að ráða. Helmingur íbúanna talar ensku þótt aðeins 13 prósent þeirra hafi ensku að móðurmáli. Helmingur íbúa Evrópusambandsins segist trú á guð.



## SJÓNARHÓLL AÐILDARUMSÓKN AÐ ESB

### Vill endilega ganga í ESB



TRYGGVI M. BALDVINSSON

„Ég er mikill Evrópusinni og vil endilega ganga í Evrópusambandið,“ segir Tryggvi M. Baldvinsson, bæjarlistamaður Álftanes og tónskáld. Hann segir þó margar hlíðar á svona

málum og efast um að við fáum allar okkar óskir uppfylltar án þess að láta eitthvað á mót. „En þegar á heildina er litið þá er þetta eina vitið,“ segir Tryggvi sem hefur lengi verið þeirrar skoðunar að við eigum að ganga í ESB. Honum fannst ekkert vit í tvöfaldrí þjóðaratkvæðagreiðslu sem minnihlutinn lagði fram. Það hafi aðeins verið tímaeyðsla.

„Ég sá enga ástæðu til þess að gera það. Við verðum að sjá hvað við fáum út úr samningaviðræðunum þó það kosti peninga,“ segir Tryggvi. Telur hann að eftir samningaviðræður hefði þurft að fara fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla, eins og lagt var fram, þar sem þjóðin hefði fengið að ráða því hann hefur takmarkaða trú á pólitíkusum í dag.

# Heimilismatur eldaður í unglíngavinnunni í Kópavogi

Kaffi Hjalli er kaffihúsið sem rekið er á vegum Kópavogsbæjar. Boðið er upp á heitan heimilismat í hádeginu þar sem börn úr 10. bekk elda ofan í þig kræsingarnar.

Á vegum Vinnuskólans í Kópavogi er rekið kaffihúsið Kaffi Hjalli í Hjallaskóla sem opið er fyrir alla. Yfirkokkarnir, Bjarki Sigurjónsson og Snorri Páll Þórðarson, sem starfa á veturna fyrir félagsmiðstöðvar í Kópavogi, eru hugmyndasmiðirnir á bak við kaffihúsið. Hugmyndina fengu þeir hjá félagsmiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti en betrubættu hana, að eigin sögn. Sóttu þeir síðan um að fá að reka kaffihúsið hjá Kópavogsbæ. Það var tekið fyrir á bæjarráðsfunni og samþykkt.

Hjá Kaffi Hjalla er alltaf boðið upp á heitan mat í hádeginu. „Við bjóðum alltaf upp á venjulegan heimilismat. Við höfum til dæmis verið með kjötsúpu, kjúkling og lasanja,“ segir Bjarki. Fyrir þá sem vilja fá upplýsingar um matseðil dagsins, þá er Hjalli með Facebook-síðu þar sem hann er



KRAKKARNIR Í ELDHÚSINU Hér má sjá ungmennin tíu sem vinna í eldhúsinu en þeim finnst þetta skemmtilegra en að vinna í beðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

birtur hverju sinni. Einnig er bara um að gera að mæta, því listi yfir matseðil vinnunnar er hjá þeim, að sögn Bjarka.

Á vegum verkefnisins vinna tíu krakkar sem allir voru að klára 10. bekk. „Þeim finnst þetta fáránlega gaman, miklu skárna en að hanga úti í beði. Samhliða því að elda matinn læra þau markaðssetningu, hvað þetta kostar og svo framvegis og læra í raun að reka sitt kaffihús. Þau læra helling af þessu,“ segir Bjarki. Hann segir krakkana vinna mestalla vinnuna en Bjarki og Snorri fylgjast með að allt sé „í orden“ og hjálpa til ef nauðsynlegt þykir.

Allt að 60 manns mæta yfir dag-

inn á kaffihúsið, að sögn Bjarka, en opið er á kaffitímum Vinnuskólans. Í hádeginu koma oftast um 40 manns og flestir eru starfsmenn Kópavogsbæjar en einnig kemur fyrir að fólk detti inn af götunni. Opið er alla virka daga nema á föstudögum en kaffihúsið mun loka í þessari viku, vegna vinnuskyldu Vinnuskólans, og því fer hver að vera síðastur að smakka heimilismat eldaðan af starfsmönnum Vinnuskólans.

vidirp@frettabladid.is

SNORRI OG BJARKI Hér má sjá yfirkokkana Bjarka og Snorra bregða á leik. Á skiltinu sem þeir halda við má sjá opnunartíma kaffihússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NOVARTIS



## LAMISIL ONCE

### Drepur fót sveppinn

- þarf aðeins að bera á einu sinni



1 Notaðu alla Lamisil Once<sup>®</sup> túpuna á báða fæturna til að forðast að sýkingin taki sig upp á ný



2 Berðu Lamisil Once<sup>®</sup> á milli tanna, bæði undir þær og ofan á bæði á iljar og jarka



3 Til að ná sem bestum árangri skal ekki þvo fæturna í sólarhring

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbinafini (sem hydróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fót svepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbinafini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvertis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema þryna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglíngar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjást einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppsins. Hann getur leyst viðar á fótum þótt ekki sjást nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ.

Sumarhátíð Vinnuskólans í Kópavogi haldin í gær:

## Tónleikar og grill í góðu veðri

Árleg sumarhátíð Vinnuskólans í Kópavogi var haldin í blíðskaparveðri í gær. Um 900 unglíngar hafa starfað á vegum Vinnuskólans í sumar og hafa aldrei verið fleiri.

Á hátíðinni í gær komu fram hljómsveitirnar Ingó og veðurguðirnir, Dikta, Jón Jónsson and the Wonderful Friends og hljómsveitin Járnsköfla, en sú hljómsveit var skipuð flokksstjórum úr vinnuskólanum.

Grillað var fyrir mannskapinn og auk þess var ýmislegt fleira um að vera á hátíðinni. Meðal annars kepptu krakkarinn í gerð mannskra pýramíða og því að skjóta fótbolta á mark.



PÝRAMÍDI Keppt var í gerð mannskra pýramíða og hér er einn slíkur í vinnslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 6  
747.75 -0,16%

Fjöldi viðskipta: 16  
Velta: 21.8 milljónir

MESTA HÆKKUN



MESTA LÆKKUN



BAKKAVÖR -1,33%  
MAREL -0,96%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 154,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 430,00 +0,00% ... Bakkavör 1,48 -1,33% ... Eik Banki 80,00 +0,00% ... Føroya Banki 121,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,20 +0,00% ... Marel Food Systems 51,60 -0,96% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Mikilvægi langtímasjónarmiða

„Það er jákvætt að fá erlenda aðila að eignarhaldi bankanna svo fremi sem um langtímafjárfestingu og langtímasjónarmið er að ræða“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.



GÍSLI TRYGGVASON

um eða öðrum mótþárum þegar kemur að hugsanlegri niðurfærslu lána síðar,“ segir Gísli.

„Það hefði verið betra ef farið hefði verið eftir minni tillögu því þá væru neytendur ekki háðir duttlungum nýrra eigenda sem hugsanlega hafa skammtímasjónarmið sem gætu komið sér afar illa fyrir neytendur.“ Tillaga Gísla hljóðaði upp á það að færa öll lán úr bönkunum og taka þau eignarnámi og láta gerðardóm leggja til niðurfærslu á hverju láni fyrir sig.

Gísli segir að hann vinni nú að næsta skrefi og þær tillögur verða kynntar fljótlega.

- bpa

## Óhagstæð verðþróun dregur úr tekjum

Heildaraflí íslenskra skipa í nýliðnum júnímánuði, metinn á föstu verði, var 55 prósentum meiri en í júní 2008. Þessi mikla aukning í júní skýrist að umtalsverðu leyti af auknum makrílveiðum en þær námu 39 þúsund tonn í júní samanborið við tvö þúsund tonn í júní í fyrra. Það sem af er árinu hefur aflinn aukist um 10,2 prósent miðað við sama tímabil 2008, sé hann metinn á föstu verði. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni.



**LÆGRA FISKVERÐ ERLENDIS** Heildaraflí nam 570 þúsund tonnum fyrstu sex mánuði þessa árs samanborið við 624 þúsund fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

nærri tuttugu prósent frá miðju síðasta ári til loka fyrsta fjórungs þessa árs.

Heildaraflí í tonnum nam 570 þúsund tonnum fyrstu sex mánuði þessa árs en 624 þúsund tonn á sama tímabili fyrir ári.

- bpa

## Höskuldur tekur við Portus

Höskuldur Ásgeirsson, rekstrarhagfræðingur, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Portusar hf. sem á og annast byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík.

Undanfarið hefur Höskuldur verið starfandi framkvæmdastjóri Iceland Seafood Ltd. í Bretlandi. Frá desember 2007 til nóvember 2008 var hann forstjóri Nýsis. Frá árinu 2000 til 2007 var hann framkvæmdastjóri og síðar forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.



kvæntur Elsu Þórisdóttur og eiga þau þrjú börn. Höskuldur tekur við framkvæmdastjórnastöðunni af Helga S. Gunnarssyni sem starfar nú hjá fasteignafélagi á vegum Landsbankans.

- bpa

**NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI** Höskuldur Ásgeirsson var áður framkvæmdastjóri Nýsis. Helsta verkefni Portus er að sjá um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins við Reykjavíkurbörn.

**30% afsláttur**

A99 85060641  
**Ferðagasgrill Cadac Carri Chef Deluxe með ábreiðu**  
~~32.900 kr.~~  
**22.900 kr.**  
ATH. Gaskútur fylgir ekki.

076 422-33  
**Ferðagasgrill**  
Porta Chef  
~~27.900 kr.~~  
**19.530 kr.**

**20% afsláttur**

1109 EC-0318(S)  
**Kælibox 12/230v 18L á hjólum með hitastilli**  
~~17.360 kr.~~  
**13.890 kr.**

**20% afsláttur**

1109 EC-0326C  
**Kælibox 12/230v 26L á hjólum Evercool**  
~~19.746 kr.~~  
**15.797 kr.**

**20% afsláttur**

1109 EC-986C-12V  
**Kælibox 12v 24L Evercool**  
~~9.350 kr.~~  
**7.480 kr.**

**20% afsláttur**

909 21010  
**Borð: 100x68, hvítt 4 stillanlegir fætur**  
~~15.900 kr.~~  
**12.720 kr.**  
ATH. Fæst aðeins í Bildshöfða 9

**20% afsláttur**

909 22850  
**Útismáborð, 80x60 Hvítt, stillanlegir fætur**  
~~9.500 kr.~~  
**7.600 kr.**  
ATH. Fæst aðeins í Bildshöfða 9

**20% afsláttur**

909 47051  
**Ruslafata 70x110 cm með sóp, skóflu og ruslapoka**  
~~4.900 kr.~~  
**3.920 kr.**

**20% afsláttur**

909 80110  
**Strekkiaraband/strappi, 2,5 m þolir 800 kg 2 stk./pk.**  
~~1.590 kr.~~  
**1.272 kr.**

**50% afsláttur**

909 72024  
**Dæla, 12V 14L/mín. 0,5 bar, fyrir tank/brúsa**  
~~3.490 kr.~~  
**1.745 kr.**

**20% afsláttur**

909 35668  
**Uppþvottagrind, sambrjótanleg fyrir útileguna**  
~~2.490 kr.~~  
**1.992 kr.**

**20% afsláttur**

078 20771  
**Primus gashella Leisure 2077**  
~~4.210 kr.~~  
**3.368 kr.**

**20% afsláttur**

078 224394  
**Primus gashella Mimer 224394**  
~~3.110 kr.~~  
**2.177 kr.**

**20% afsláttur**

078 233801  
**Primus Tjaldhitari 2500 W**  
~~11.610 kr.~~  
**9.288 kr.**

**20% afsláttur**

078 U730830  
**Primus U730830 Hnifaparasett**  
~~1.038 kr.~~  
**830 kr.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast eða til 14. ágúst.

**N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9**  
N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.

**WWW.N1.IS**  
Sími 440 1000

**Meira í leiðinni**

DEVOLD



25-35%  
afsláttur af fatnaði  
frá DEVOLD



DIDRIKSONS 1913  
Grundsund SWEDEN



25-50%  
afsláttur af fatnaði  
frá DIDRIKSONS



FORTJALDSHITARI  
4,2 kW  
Vnr: 28601

Verð **14.900 kr.**  
Verð áður 18.900 kr.



COLEMAN-GASGRILL  
ÞRIGGJA BRENNARA  
Vnr: 61287

Verð **64.900 kr.**  
Verð áður 74.900 kr.



ELLINGSEN-GASGRILL  
ÞRIGGJA BRENNARA  
Vnr: 61290

Verð **74.900 kr.**  
Verð áður 84.900 kr.



CAMPINGAZ-GASGRILL  
RBS CLASSIC GRAND  
Vnr: 54439

Verð **49.900 kr.**  
Verð áður 86.117 kr.



CAMPINGAZ-GASGRILL  
WOODY GRAND DELUXE  
Vnr: 54777

Verð **54.900 kr.**  
Verð áður 88.556 kr.


23.-31. júlí

# SUMARM



COLEMAN-HELLA  
f. bensín  
Vnr: 01449

Verð **3.995 kr.**  
Verð áður 19.194 kr.



COLEMAN-RIST  
Vnr: 36105

Verð **495 kr.**  
Verð áður 1.278 kr.



PRIMUS-TJALDHITARI  
kútur ekki innifalinn  
Vnr: 06985

Verð **5.900 kr.**  
Verð áður 8.990 kr.



PRIMUS-POTTASETT  
Vnr: 29760

Verð **1.995 kr.**  
Verð áður 3.696 kr.



MELAMINE-DISKASETT  
3 litir, 16 stk.  
Vnr: 61227

Verð **9.675 kr.**  
Verð áður 12.900 kr.



CAMPINGAZ-KÆLIBOX  
36 ltr. / 12 volta  
Vnr: 54740

Verð **18.900 kr.**  
Verð áður 28.829 kr.



COLEMAN-KÆLIBOX  
48 ltr.  
Vnr: 01447

Verð **8.990 kr.**  
Verð áður 14.442 kr.



FERÐAKLÓSETT  
Vnr: 56249

Verð **14.900 kr.**  
Verð áður 25.946 kr.



COLEMAN-LUKT  
Vnr: 15979

Verð **2.995 kr.**  
Verð áður 7.124 kr.



COLEMAN-LOFTDÝNA  
tvíbreið  
Vnr: 24938

Verð **4.900 kr.**  
Verð áður 7.500 kr.



DEVOLD



**COLUMBIA-FLÍSPEYSA**  
margir litir, stærðir: S-XXL

Verð **2.995 kr.**

Verð áður 13.276 kr.



**40%**  
afsláttur af  
veiðifatnaði frá  
SEELAND



**COLEMAN-FERÐAGASGRILL**  
Vnr: 44100

Verð **39.995 kr.**

Verð áður 49.900 kr.



**30-50%**  
afsláttur af fatnaði  
frá COLUMBIA



**40%**  
afsláttur af barna-, kvenna-  
og karlasandölum frá  
COLUMBIA

# ARKAÐUR

Sprengfull búð af frábærum tilboðum!



**CAMPINGAZ-GASHITARI**

f. palla  
Vnr: 47659

Verð **29.900 kr.**

Verð áður 44.170 kr.



**CAMPINGAZ-GASHITARI**

f. palla  
Vnr: 29316

Verð **34.900 kr.**

Verð áður 73.772 kr.



**FRIEDOLA-DÚKUR**

3 litir, orange, gulur, grænn  
Vnr: 61249

Verð **2.992 kr.**

Verð áður 3.990 kr.



**25%**  
afsláttur af stólum  
frá COLEMAN



**COLEMAN TASMAN  
SVEFNPOKI**

-14°C kuldapól  
Stærð: 215 x 83 cm  
2,22 kg að þyngd  
Vnr: 44535  
Vnr: 44536

Verð **7.900 kr.**

Verð áður 9.900 kr.



**COLEMAN-SÓLBEKKUR**

Vnr: 36032

Verð **5.900 kr.**

Verð áður 14.891 kr

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

Opið mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630

Opið mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16

**Ellingsen**

- fullt hús ævintýra

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Reynir á vinabjórðir og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

## Lánin og Icesave

JÓN KALDAL SKRIFAR

**F**rumvarpið um ríkisábyrgð á Icesave-samningnum virðist ætla að verða stærri biti en ríkisstjórnin ræður við að gleypa.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur, ásamt fjölda málsmetandi fólks, ítrekað varað við afleiðingum þess að Alþingi felli samningana. Rökin eru að með því værum við Íslendingar að senda út þau skilaboð til alþjóðasamfélagsins að við ætlum ekki að standa við ábyrgð á Icesave, eins og ráðamenn okkar lýstu þó yfir þegar í haust við ýmis tilefni. Afleiðingar væru að við fengjum ekki þau erlendu lán sem nauðsynleg eru til að endurræsa gangverk efnahagslífsins.

Þetta mat Steingríms er hárrétt ef samningurinn verður felldur á þeim forsendum að Íslendingum beri ekki að ábyrgjast Icesave og eigi því ekki að borga neitt.

Þeirri vörn var fyrst stillt upp í byrjun október í fyrra en var skotin í kaf á öllum vígstöðvum og að lokum lögð til grafar í samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) þar sem Davíð Oddsson og Árni Mathiesen skrifuðu undir að Íslendingar myndu virða skuldbindingar sínar varðandi þessa reikninga Landsbankans.

Það kom því verulega á óvart þegar umræður um þessa hugmynd hófust á nýjan leik í vor. Góðu heilli bendir allt til þess að sæmileg jarðtenging sé komin í flesta flokka og menn hafi áttað sig á því að það er ekki í boði að víkja sér undan þessari ábyrgð né skjóta deilum um hana til íslenskra dómstóla.

Þverpólitísk sátt virðist vera að myndast um að samningaleiðin sé eini valkosturinn. Vandamálið er að efi ríkir í öllum flokkum um þá samninga sem liggja fyrir.

Ef rétt er að vilji er fyrir því í öllum þingflokkum að semja skuli um málið, og sú afturganga að Tryggingarsjóður innstæðueigenda sé einn ábyrgur komin aftur í gróf sína, hefur hins vegar skapast ný staða sem ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan eiga að geta náð sátt um.

Lánin sem fjármálaráðherra óttast að fáist ekki afgreidd koma annars vegar frá vinabjórðum í Póllandi og á Norðurlöndunum og hins vegar frá AGS. Þessi lán bíta hvert í annars skott. AGS afgreiðir ekki sinn hluta nema vinabjórðirnar standi við sín fyrirheit, og vinabjórðirnar afgreiða ekki sín lán nema framkvæmdastjórn AGS í Washington samþykki í ágúst næsta áfanga þess programs sem Ísland er í.

Afdrif Icesave-málsins á Alþingi hefur úrslitaáhrif á afgreiðslu allra þessara lána. Grundvöllur þeirra er þó ekki ákveðin útfærsla á samningum um ábyrgð Íslands á Icesave.

Full ástæða er því til að kanna hvort möguleiki sé á því að vinabjórðir okkar, og jafnvel AGS, séu reiðubúnar til að afgreiða umsamin lán, ef allir flokkar á Alþingi lýsa því afdráttarlaust yfir að full samstaða sé um að ábyrgjast Icesave. Á þeim grundvelli pólitískrar sáttar væri hægt að halda áfram því gríðarlega mikilvæga uppbyggingarstarfi sem bíður. Eftir stæði tæknileg útfærsla á nýjum samningum við Hollendinga og Breta.

Það er svo allt annað mál hvort hagkvæmari samningar yrðu uppskeran. Ísland er bæði ofar en Holland og Bretland á lista OECD yfir ríkustu þjóðir heims. Það stendur örugglega nokkuð í ráðamönnum beggja þjóða að bjóða skattborgurum sínum upp á að blæða fyrir ævintýramennsku íslensks banka og klúður íslenskra eftirlitsstofnana.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**vísir.is**  
 "...ég sá það á vísi"

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skamm skamm

Heyrst hefur að óánægja sé innan Sjálfstæðisflokksins með ummæli Ragnheiðar Ríkarðsdóttur. Ekki er það vegna þess að hún kaus með þingsályktunartillögu um ESB heldur um orð sem hún lét falla á RÚV. Þar sagði hún að sér mislíkaði sú orðnotkun sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins viðhafði, að verið væri að nauðga lýðræðinu.

Óánægjan er sérstaklega vegna þess að orðnotkunin, um að „nauðga“ einhverju, hefur oft verið viðhöfð á Alþingi og þykir mörgum þetta tepruháttur hjá Ragnheiði. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti vor, sagði að verið væri að nauðga lýðræðinu í ræðu árið 1994. Árið 1992 sagði hann

síðan ekki vilja nauðga þingsköpum. Aðrir sem notað hafa orðið „nauðga“ á þingi eru til dæmis Kolbrún Halldórsdóttir, Sverrir Hermannsson og Steingrímur J. Sigfússon.

#### Súpersöbb

Ole Gunnar Solskjer er öllum að góðu kunnur. Hann fékk fljótt viður-nefnið súpersöbb, þar sem hann lagði það í vana sinn að skora þegar hann kom inn á hjá Manchester United.

Nú hefur Nýr súpersöbb litið dagsins ljós, Þjarkey Gunnarsdóttir. Í síðustu viku samþykkti hún ESB-tillögu ríkisstjórnarinnar, í fjarveru Björgvins Vals Leifssonar, og í gær nefndaralit í fjarveru Lilju Mósessdóttur.

#### Skiptumst á

Nú er tími bæjarhátíðanna og margar skemmtilegar stundir fram undan og að baki. Um helgina fer hátíðin Á góðri stund fram í Grundarfirði og er þar vegleg dagskrá í boði. Eins og vandí er á slíkum hátíðum er boðið upp á brekkusöng og honum stýrir tengdasonur Grundarfjarðar, Róbert Marshall.

Róbert er þulvanur í bransanum og hefur áður stýrt brekkusöng í Grundarfirði. Þá hljóp hann í skarðið og stýrði brekkusöng á Þjóðhátíð í Eyjum eitt árið fyrir Árna Johnsen, en Árni dvaldi þá einmitt í nágrenni Grundarfjarðar – reyndar ekki við brekkusöng.

kolbeinn@frettabladid.is  
 vidirp@frettabladid.is

## Gömul rök og ný

Rökin með og á móti innngöngu Íslands í Evrópusambandið hafa verið kembd í þaula. Þau eru ýmist af hagrænum eða pólitískum toga. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að Íslendingar hafi hag af innngöngu í ESB umfram þær hagsbætur, sem fylgdu innngöngunni á Evrópska efnahags-svæðið 1994.

#### Hagfræði og pólitik

Hagurinn af innngöngu í ESB felst í aðgangi að ódýrari og betri mat og drykk, lægri vöxtum, einkum ef upptaka evrunnar fylgir með í kaupnum svo sem stundur til, minni verðbólgu, meiri samkeppni, minna okri, meiri valdreifingu, minni sjálfstöku, virkara aðhaldi og eftirliti. Jafnvel þótt þessar hagsbætur væru ekki fyrirjáanlegar, væri ég fyrir mína parta hlynntur innngöngu í ESB af pólitískum ástæðum. Það stafar af því, að ESB er allsherjarbandalag allra helztu vinabjórða Íslands í Evrópu nema Norðmanna og Svisslendinga, og í þeim hópi eigum við heima, þótt einhver okkar kunni að öllu samanlögðu að draga hagsbæturnar í efa. Við eigum ekki að spyrja að því einu, hvaða hag við getum haft af ESB. Við eigum einnig að hugsa til þess, sem við kunnum að hafa þar fram að færa.

Rökin gegn aðild eru misjöfn að gæðum. Okrarar kæra sig ekki um aðild, því að þeir þurfa þá að láta af iðju sinni. Spilltir stjórnarmálsmenn munu einnig missa spón úr aski sínum, þar eð þeir munu eiga erfiðara uppráttar af kröfuhörðum evrópskum félagskap, og kallar ESB þó ekki allt ömmu sína. Bankarín um bjartan dag verða einnig torveldari undir vökulum augum bankayfirvalda og fjármálaeftirlits ESB. Václav Havel, forseti Tékklands, orðaði þessa hugsun skýrt um



ÞORVALDUR GYLFASON  
 Í DAG | Ísland og ESB

árið: Engum nema glæpamönnum getur stafað ógn af innngöngu í ESB. Rök þjóðernissinna gegn fullveldisafsalu hafa nú holan hljóð, svo illa sem stjórnvöldum hélt á óskoruðu fullveldi Íslands. Stjórnarmálsmenn, embættismenn, bankamenn og stjórnendur stórfyrirtækja keyróu landið í kaf og bókðu erlendum viðskiptavinum bankanna svo stórfellt fjárhagstjón, að þeim kann sumum að þykja eðlilegt, að Íslendingar deili framvegis fullveldi sínu með þeim og öðrum, svo að þeim stafi ekki frekari hættu af íslenskum fjárlæfingum. Það er skiljanlegt viðhorf af erlendum sjónarhóli. Þjóðverjar kusu að binda hendur sínar innan ESB af tillitssemi við granna sína í ljósi sögunnar. Þetta var einnig hugsun sumra heiðvirðra Færeyinga í kreppunni þar um og eftir 1990: þeim fannst rétt að bjóðast til að segja sig úr ríkjasambandinu við Danmörku af virðingu fyrir Dönnum, en af því varð þó ekki.

#### Ríkidæmisröksemdin

Norðmenn líta margir svo á, að þeir þurfi ekki á aðild að ESB að halda, þar eð þeim séu allir vegir færir á eigin spýtur í krafti olíuauðsins, sem þeir hafa safnað í digran sjóð. Það kann að vera rétt, en þessi rök vitna ekki um mikið órlæti gagnvart fátækari þjóðum innan ESB. Sumir Íslendingar tóku í sama streng og bentu

á, að lífeyrissjóðirnir íslenzku námu 100.000 Bandaríkjadöllum á mann 2007 borið saman við 85.000 Bandaríkjadali á mann í olfusjóði Norðmanna. Það var þá. Gengi krónunnar hefur lækkað um rök-an helming frá 2007, svo að lífeyrissjóðirnir eru nú mælt í dollurum á mann kannski hálfdrættingar á við olfusjóð Norðmanna, sem þeir kalla nú lífeyrissjóð. Ríkidæmisrökin gegn innngöngu Íslands í ESB eiga ekki lengur við. Þau voru falsrök. Ríkidæmið 2007 var talsýn, sem var reist á rammfölsku gengi krónunnar og hlutabréfa og einnig á uppsprengdu verði fasteigna.

#### Að verðskulda traust

Tildrög bankahrunsins verða ljósari með hverjum deginum sem líður. Eigendur og stjórnendur bankanna og nokkurra stórfyrirtækja létu greipar sópa um bankana og fyrirtækin, til dæmis Sjóvá. Ránsmennirnir keyptu sér frið til að braska með innstæðum og sjóði bankanna og fjöregg þjóðarinnar með því að raða í kringum sig vinveittum virðingarmönnum úr stjórnmalaflokkunum, einkum Sjálfstæðisflokknum. Aðild Íslands að ESB myndi greiða fyrir nauðsynlegu uppjöri, þar eð margir íbúar ESB-landa hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum af völdum íslenzkra banka. Þetta fólk á ekki síður en Íslendingar heimtingu á, að ábyrgðarmenn hrunsins, eigendur og stjórnendur banka og stórfyrirtækja og aðrir, sem brutu af sér, verði dregnir til ábyrgðar að lögum. Aðeins með undanbragðalausum uppjöri við hrunið og alla helztu ábyrgðarmenn þess munu Íslendingar geta endurheimt sjálfsvirðingu sína og samheldni og einnig þá trúnaðartraust, sem ríkti áður í landinu og í samskiptum Íslands við önnur lönd, annars varla.

## Lögreglan er traustsins verð

#### UMRÆÐAN

Björn Bjarnason svara forystugrein Jóns Kaldal.

Um nokkurt árabíl hélt Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins, uppi gagnrýni, of oft örökstuddri, á störf mín sem dómsmálaráðherra. Ég lét af því embætti 1. febrúar 2009, en Jón Kaldal heldur áfram að saka mig um vandræði í rekstri lögreglunnar, eins og lesa mátti í leiðara Fréttablaðsins 22. júlí.

Áður en ég lét af störfum hafði ég lagt drög að því, að veittar yrðu 150 m. kr. aukalega úr ríkissjóði til lögreglumála, einkum til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Vildi ég, að komið yrði til móts við útgjöld vegna mikils álags við öryggisgæslu sl. haust og fram undir lok janúar. Eftir stjórnarskipti var málið úr mínum höndum.

Á tímabilinu 2004-2008 hækkuðu útgjöld lög-gæslu úr 5,4 milljörðum króna á árinu 2004 í rúmlega 7,7 milljarða króna á árinu 2008. Hækkunin, 43%, á tímabilinu er rétt ríflega hækkan launa-vísitölu á sama tíma. Að kenna þessa þróun við



BJÖRN BJARNASON

„áralangt fjársveldi“ eins og Jón Kaldal gerir í leiðara sínum, stenst ekki. Sé leitað að snöggu bletti á framvindu lögreglumála í minni tíð sem dómsmálaráðherra, mætti spyrja: Var nóg að gert til að breyta innri starfsskipan lögreglu? Eru hlutföll til dæmis rétt milli undir-manna og yfirmanna?

Reifaðar voru hugmyndir um að fela einkaaðila að annast bílafloata lögreglunnar og tryggja endurnýjun hans auk ann-

ars tækjabúnaðar. Hefur verið horfið frá þeim? Jón Kaldal telur þróun lög-gæslumála „sérstakt rannsóknarefni“. Mikil gögn og tölfræði liggur fyrir um þessa þróun á undanförunum árum. Jón ætti að kynna sér þau, áður en hann fellir dóma sína.

Ég er stoltur af þróun lögreglumála undanfarin ár. Góður árangur lögreglumanna við úrlausn flók-inna og viðkvæmra mála er til marks um mikinn metnað og áreiðu. Ég hvet til þess, að áfram verði unnið að því að efla lög-gæslu í landinu og búa lög-reglumönnum sem best starfsskiilyrði.

Höfundur er fyrrverandi dómsmálaráðherra.



**ÓDÝRT Í  
HAGKAUP**

# Mesta úrvalið

OPIÐ  
til **20**  
alla daga



**ÓDÝRT Í  
HAGKAUP**

BBQ BORGARAR  
4\*100GR M/BRAUÐI

**599** kr/pk.

Merkt verð 749.-



**649** kr/kg.

Merkt verð 998.-



**1.799** kr/kg.

Verð áður 2.998.-



**1.598** kr/kg.

Merkt verð 1.998.-



**1.598** kr/kg.

Merkt verð 1.998.-

Kjúklingur  
ferskur

Kalkúnasteikur  
10\*100gr frosnar

Lambalærisneiðar  
Pottagaldrar

Silungur  
hvítlauksmarineraður



SS brauðsalöt  
Tilvalin í  
ferðalagið



MYLLU  
SKÚFFUKÖKUR  
**379** kr/pk.



KOLAGRILL  
EINNÖTA  
**299** kr/stk.



4 STK VÖLU  
KÓKOSBOLLUR  
**299** kr/pk.



RISABRAUÐ  
1KG  
**199** kr/pk.



CAPRI SUN  
ORANGE  
**449** kr/pk.



A&W  
ROOT BEER  
**189** kr/stk.

**24**  
Hagkaup  
**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar föður okkar, föstur-föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Jóns Páls Péturssonar**  
frá Ísafirði

Sigríður Jónsdóttir  
Jón Viðar Arnórsson  
Bjarni A. Agnarsson  
Sigrún Briem

Pórunn ísfeld Jónsdóttir  
Steinunn Karólína Arnórsd.  
Ragnar H. Kristjánsson

og aðrir aðstandendur



*Elsku sambylismaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúppaðir, uppeldisfaðir, afa og langafi,*

**Svavar Ottesen**

prentari og fyrrverandi bókaútgefandi, Gránufélagsgötu 16, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 18. júlí sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 24. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Jakobssjóð hjá KA.

Sóley Halldórsdóttir

Sölvi H. Matthíasson  
Ásta Ottesen  
Gunnlaug Ottesen  
Þórhallur Ottesen  
Kristín Ottesen  
Vilhelm Ottesen  
Jón Vilberg Harðarson  
Rannveig Harðardóttir  
Ottó Hörður Guðmundsson  
Sóley Magnúsdóttir  
Halldór Magnússon  
Ása Huldrún Magnúsdóttir  
Gunnar Arason  
Páll H. Jónsson  
Friðrik Diego  
Margrét Jóhannsdóttir  
Sigmundur Ásgeirsson  
Angkhana Sribang  
Guðbjörn Guðjónsson  
Birna Jónsdóttir  
Sævar Örn Þorsteinsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afa og bróðir,*

**Jón Hallgrímur Björnsson**

landslagsarkitekt, kenndur við Alaska, Ásgarði 125, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi miðvikudaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 24. júlí klukkan 13.00.

Elín Þorsteinsdóttir

Sigríður Lóa Jónsdóttir  
Gunnlaugur Björn Jónsson  
Ingibjörg Svala Jónsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir  
Björn Þór Jónsson  
Elisa Ólöf Guðmundsdóttir  
Þorsteinn Ágúst Ólafsson  
Árni Björnsson

Sigurður Ingi Ásgeirsson  
Kristrún Jónsdóttir  
Ólafur Ingólfsson  
Vignir Kristjánsson  
Sandra Shobha Kumari

og barnabörn



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskegtrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elísabetar Hannesdóttur,**

íþróttakennara  
Kópavogi.

Sérstakar þakkir ferum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar sem og þeim sem sýndu henni natni í veikindum hennar.

Anna Björg Sveinsdóttir  
Ingveldur Sveinsdóttir  
Þóra Sveinsdóttir  
Sveinn Ingimar Sveinsson  
Linda Margrét Arnardóttir  
Ingólfur Sigmundsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

**DANIEL RADCLIFFE ER TVÍTUGUR Í DAG.**

„Ég og Harry erum ekki góðir í kvennamálunum. Ég hef þó skánað. En ég held að allir karlmenn sem segjast aldrei hafa átt vandræðalegt augnablik með stelpu ljúgi.“

**Daniel Radcliffe er breskur leikari sem frægastur fyrir hlutverk sitt sem galdratrákurinn Harry Potter í samnefndum bíómyndum.**



**PETTA GERÐIST: 23. JÚLÍ 1986**

**Fergie og Andrew giftast**

Sarah Ferguson giftist Andrew prins, næstelsta syni Elisabetar II, þennan dag í Westminster Abbey í London. Við giftinguna fékk hún titilinn hertogaynja af York en hún er einnig þekkt undir gælunafninu Fergie.

Fergie og Andrew höfðu þekkt frá unga aldri og hittust oft á póloleikjum sem börn en það var Díana prinsessa sem kom þeim saman árið 1985 og trúlofuðu þau sig í janúar 1986.

Fergie og Andrew eignuðust tvær dætur, Beatrice og Eugenie. Þau voru mikið í sviðsljósinu en Andrew var fjarri Fergie löngum stundum sökum starfa sinna innan hersins. Þau skildu árið 1996.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



**Monica Lewinsky,** fyrrverandi lærlingur Hvíta hússins, er 36 ára.



**Woody Harrelson** leikari er 48 ára.



**Philip Seymour Hoffman** leikari er 42 ára.



**Slash,** gítarleikari Guns N' Roses, er 44 ára í dag.



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólafía Magnúsdóttir**

lést fimmtudaginn 16. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. júlí kl. 11.00.

Magnús Garðarsson,  
Sigríður Garðarsdóttir  
Ólafur Halldór Garðarsson  
Garðar Garðarsson  
Guðrún Hulda Pétursdóttir  
Ingbjörg P. Guðmundsdóttir  
Þormóður Jónsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Daníelsdóttir**

Furugerði 1, Reykjavík,

áður til heimilis á Eskifirði, sem lést föstudaginn 17. júlí 2007, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. júlí kl. 15.00.

Daniel Jónasson  
Árni Jónasson  
Örn Jónasson  
Ásdís Jakobsdóttir  
Anna Britta Vilhjálmsdóttir Warén  
Helga Jóhannsdóttir  
barnabörn og langömmubörn hinnar látnu.



*Ástætur móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Jónsdóttir**

áður til heimilis Króki 2, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi sunnudaginn 19. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Ólína Louise Lúðvíksdóttir  
Ásdís Jóna Lúðvíksdóttir  
Hólmafríður Lúðvíksdóttir  
Kjartan Jón Lúðvíksson  
Óli Pétur Lúðvíksson  
Helgi Leifsson  
Björn Gísli Bragason  
Anna Helga Sigurgeirsdóttir  
Sólveig Ingibergsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



**STOLTUR** Arnar Þór Viðarsson mun syngja fyrsta opinbera Gay Pride-lagið í Danmörku. Hátíðin í ár er stærri en verió hefur vegna samvinnu við World Out Games. MYND/HEIDA DÍ S BJARNADÓTTIR

**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON: SYNGUR FYRSTA GAY PRIDE-LAGIÐ Í DANMÖRKU**

# JÁKVÆÐUR BOÐSKAPUR

„Vignir Snær Vigfússon semur lagið, Örlygur Smári pródúseraði og svo gerði ég textann og syng,“ segir Arnar Þór Viðarsson, sem flytur fyrsta opinbera Gay Pride-lagið á hátíð samkynhneigðra í Kaupmannahöfn í Danmörku 1. ágúst næstkomandi. „Lagið varð fyrst til árið 2005 og þá söng ég það á Gay Pride heim á Íslandi. En mér fannst vanta þemalag fyrir hátíðina hérna úti og átti lagið í pokahorninu þannig að ég fór á skrifstofuna hjá Gay Pride hér í Danmörku og baðust til að syngja lagið,“ segir Arnar, sem hefur verið búsettur í Danmörku í tæp fjögur ár.

„Í ár er Gay Pride stærra en verió hefur því hátíðin er haldin í samvinnu við World Out Games, sem eru leikar svipaðir Ólympíuleikunum nema eingöngu fyrir samkynhneigða. Þeir byrja 25. júlí í Kaupmannahöfn og standa til 2. ágúst. Hin hefðbundna Gay Pride-ganga og -hátíð verður haldin 1. ágúst en hún mun einnig þjóna sem lokaathöfn leikanna. Ég verð fyrstur á sviði á Ráðhústorginu og opna Gay Pride-hátíðina með laginu mínu Pride sem er í raun endirinn á íþróttaleikunum,“ segir Arnar.

Búist er við 5.000 til 10.000 keppendum á World Out Games og um 50.000 áhorfendum á Gay Pride. Arnar segist hins vegar lítið hafa velt fyrir sér hvort hann fá athygli út á lagið. „Mörg dagblöðin hérna eru bara í sumarfrí eins og stendur en það eiga að koma greinar þegar nær dregur. Svo er ég búinn að vera í viðtölum á útvarpsstöðum. Þetta er allt voða jákvætt.“

Arnar segist ekki hafa átt erfitt með að semja textann fyrir lagið enda búi hann yfir ríkri jafnréttiskennnd. „Ég er með mjög einfaldan boðskap sem passar vel við tilefnið. Ég vil bara segja mitt og koma mínum skoðunum á framfæri, en ekki of alvarlega. Ég vil bara vera í gleðinni og segja þetta á skemmtilegan hátt,“ segir Arnar, sem situr ekki auðum höndum í tónlistinni.

„Ég er líka í hljómsveit sem heitir Synergy Factory með þremur öðrum Íslendingum og fjórum Dönum. Svo er ég í dúett með Önnu Hansen, skólasystur minni, en hún syngur einnig bakraddir í Pride og verður því á sviðinu með mér. Svo er lagið Pride á plötunni Sumarstjórnur 2009 sem kom út í gær en þar eru líka flytjendur eins og Jóhanna Guðrún, BMV, Haffi Haff og Hera Björk, svo það er ekki amalegt,“ segir Arnar.

Hægt er að hlusta á lagið á myspacesíðu Arnars [www.myspace.com/arnarmusic](http://www.myspace.com/arnarmusic) og á youtube. [heidur@frettabladid.is](mailto:heidur@frettabladid.is)



**MÓTAR FYRIR LÍNUM** Gegnsæ fót eru vinsæl í sumar enda margir sem vilja láta skína í sólbrúnt hold án þess þó að tjalda öllu til. Gegnsær kjólar eða skyrtur við hlýraboli og undirpils hitta beint í mark.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



**Eirberg**

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



**Eirberg**

**Rafskutlur**  
-frelsi og nýir möguleikar  
Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



**Til brúðargjafa**  
Silkidamask og bómullarsatín sængurfatnaður. Íslensk framleiðsla. Stærðir 140x200 og 200x200  
*Sængurfataverslun með vandaða vöru*

Skólavörðustíg 21a  
Njálsgötumegin  
S. 551 4050




Erla María segist klæðast þessum danska kjól dags daglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fataskápurinn allur blár

Erla María Markúsdóttir les tískublogg og segir áhuga á tísku hafa myndast snemma þegar hún upp-götvaði bláan lit á fötum og klæddist Fram-galla bræðra sinna heima við. Enn klæðist hún bláu daglega.

„Ég keypti þennan kjól á Netinu fyrir tveimur árum. Þetta er dönsk hönnun sem íslensk stelpa í Danmörku var að selja,“ segir Erla María Markúsdóttir, sem kom nýlega til landsins eftir vel heppnaða ferð á alþjóðlega kórakæppni í London með Graduale Nobili þar sem kórinn hlaut tvenn verðlaun.

Spurð um fatakaup í kórferðinni segir Erla María: „Ég komst í Top Shop í London sem er sú stærsta sem ég hef á ævi minni komið inn í. Búðin var á fimm hæðum með sérhæð fyrir skó. Ég held ég hafi næstum keypt heila hæð, ég verslaði svo mikið en það voru útsölur í gangi,“ segir Erla

María, sem finnst skemmtilegast að fara til útlanda í verslunarleiðangra.

Erla María segist hafa mikinn áhuga á tísku. „Ég er ekkert tískufrík en fylgist með og les tískublogg á Netinu,“ upplýsir hún og segist ung hafa fengið áhuga á tísku. „Þetta gerðist þannig að ég hafði eiginlega áhuga á öllu því sem var blátt,“ segir hún og bætir við að enn þann dag í dag gangi hún alltaf í einhverju bláu.

Þegar Erla María er beðin að lýsa þessum áhuga sínum á bláum lit betur segir hún: „Ég á þrjá bræður og gekk í fötum af þeim vegna þess að þau voru blá,“ segir Erla María og heldur áfram:

„Þetta var samt ekkert planað hjá þeim. Þeir æfðu með Fram og voru þess vegna alltaf í bláu,“ upplýsir Erla María, sem segist aðallega hafa klæðst Fram-gallanum bláa heima hjá sér.

Þá segist hún hafa klætt dúkkuna sína í blá föt og að dúkkuvagninn hennar hafi verið blár. Margir hafa veitt þessari bláu ástríðu hjá Erlu Maríu eftirtekt. „Sumir halda að þetta sé einhver geðveiki en öðrum finnst þetta myndi. Ég er alltaf að reyna að kaupa eitthvað annað en blátt, en ef ég lít inn í fataskápin minn þá er hann allur blár. Ég á einn bleikan kjól og eina fjólubláa peysu.“

maria@frettabladid.is

**VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a**

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.



Shell  
**HELIX**



Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

# TÍSKA



**VEFVERSLUNINA WWW.ASOS.COM** ætti engin tiskudrós að láta fram hjá sér fara en þar er að finna hafsþjó af tiskufatnaði. Þar má meðal annars finna eftirlíkingar af fötum sem stjórstjornur hafa skartað ásamt alls kyns merkjavöru.

**White-Westinghouse**  
- amerísk gæða heimilistæki

**Þvottavél**  
Toppíladín  
- 10 kg -

**Þurrkari**  
- 10 kg -

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 - RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is



Peysurnar eru síðari að aftan svo börnunum verði ekki kalt þegar þau beygja sig. MYND/BERGLJÓT ÞORSTEINSDÓTTIR



Flest fötin eru úr flísefni sem er vinsælt hjá börnunum. MYND/BERGLJÓT ÞORSTEINSDÓTTIR

Fötin eru litrík og falleg með krúttlegum smáatriðum. MYND/BERGLJÓT ÞORSTEINSDÓTTIR

**TRIND**  
Ávallt No 1

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á [www.Trind.com](http://www.Trind.com)  
Útsöluastaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

**Augnháralitur og augnbrúnalitur**  
Tana® Cosmetics

**Plokkari með ljósi**

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVESLANIR

**FLOTT Í SUMAR...**  
með Slendertone  
dömu/herra belti

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeiðunni 19 - S. 968 1717  
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

## Sóttu innblástur í börnin

Ígló er ný barnafatalína þeirra Lovísu og Helgu sem báðar eru Ólafsdætur en þó ekki systur. Fötin voru hönnuð með notagildi í huga og barnvæn.

„Mig langaði til að gera eitthvað meira skapandi og hringdi í Helgu til Kaupmannahafnar og spurði hvort hún væri til í að hanna með mér barnafatalínu“, segir Lovísa, um aðdragandann að fyrstu barnafatalínu þeirra Helgu, sem kallast Ígló og hefur nú litið dagsins ljós.

„Þetta var frábær tímasetning fyrir okkur báðar þegar Lovísa hringdi; það er eins og að þessu hafi verið ætlað að verða“, segir Helga sem er fatahönnuður og bætir við að hana hafi skort þekkingu á sjálfstæðum rekstri en svo heppilega hafi viljað til að Lovísa er viðskiptafræðingur að mennt. „Mig vantaði líka einhvern sem

kynni að hanna fót, búa til snið, finna efni og þess háttar, þannig að við vegum hvor aðra upp“, útskýrir Lovísa, en nú þegar fást jakkar, buxur, vettlingar og húfur í línunni í verslunum hérlandis.

„Við lögðum mikla áherslu á að línán væri klæðileg, hlý og höfðaði til barna. Föt sem þau myndu sjálf velja sér á morgnana“, segir Lovísa, en fötin eru hönnuð með notagildi í huga. „Peysurnar eru til dæmis síðari að aftan þannig að þegar börnin beygja sig þá verður þeim ekki kalt á milli laga. Það er stroff á buxunum og ermum, svo að fötin geti stækkað með börnunum. Þá eru fötin litrík með krúttlegum smáatriðum eins og krakkar

vilja. Okkur langaði að gera þægileg fót sem eru samt falleg“, segir Helga, en þær Lovísa eiga báðar börn og sóttu innblástur í þau.

„Grunnurinn í línunni núna er flísefni, sem er bæði praktískt efni og mjög vinsælt hjá krökkum, en fatalínan okkar er fyrir börn á aldrinum eins árs og upp í átta ára“, segir Helga og fræðir blaðamann um að þegar flísefni er þvegið eigi hvorki að nota mýkingarefni né þvo það með bómullarflíkum því þá verði efnið snjád.

Ígló vörurnar fást í 3 Smárum á Laugaveginum, Snúðum og snældum á Selfossi og Sirka á Akureyri. Einnig á netversluninni [www.iglo.is](http://www.iglo.is). *heidur@frettabladid.is*



## Dúnmjúkar BRÚÐARGJAFIR

Gefðu íslenska hönnun

**Lin**  
DESIGN

Sængurfatnaðurinn er ofinn úr gæða bómullardamask. Yfir 30 tegundir af sængurfatnaði til brúðargjafa.

Íslensk hönnun á góðu verði

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið • Sími 533 2220 • [www.lindesign](http://www.lindesign)



# farsímar

SÉRBLAÐ UM FARSÍMA, FIMMTUDAGUR 23. JÚLÍ 2009

FRÉTTABLAÐIÐ





 Sony Ericsson

## Sony Ericsson W995

Nýjasti Walkman 3G síminn frá Sony Ericsson með 8.1MP myndavél, GPS leiðsögukerfi, 8GB minniskorti, HSDPA 7.2Mbps sem gefur hraðari tengingu við netið, þráðlaust net, 3.5mm jack tengi og margt fleira.



VÆNTANLEGUR



## LG KM900 Arena

LG Arena er með 3" multi-touch snertiskjá, 5 megapíxla myndavél með Schneider-Kreuznach linsu, 3G, HSDPA 7.2Mbps og Wi-Fi. Síminn er með fullkomnum tónlistar- og mynd spilara sem styður DivX og XviD. GPS leiðsögukerfi er í símanum og innbyggður FM sendir. Að auki er innbygggt 8GB minni.



## LG KU990i Viewty

LG Viewty hefur stóran snertiskjá, 3G, 5MP myndavél, tónlistarspilara, útvarp, stereo Bluetooth, minniskortarauf, skjalaskoðara, spilar DivX og og auðvelt er að færa myndbönd beint yfir á YouTube

# Farsíminn reiknar út fjarlægð á golfvöllinum

Nýr farsími með snertiskjá og farsímar með innbyggðu GPS-tæki eru meðal þess sem heildsalan Tæknivörur hefur á boðstólum.

Á golfvöllum hafa farsímar með innbyggðu GPS-staðsetningartæki verið mjög vinsælir í sumar. „Á síðunni [www.mscorecard.com](http://www.mscorecard.com) er hægt að hlaða niður forriti fyrir GPS-farsíma til að setja golfvelli á Íslandi inn en það hentar vel í Sony Ericsson-símana sem við flytjum inn,“ segir Heiðrún Þráinsdóttir markaðsstjóri Tæknivara sem er heildsala og flytur meðal annars inn vörur frá Sony Ericsson og Samsung.

Aðspurð segir Heiðrún að ekki séu þó allir golfvöllir á Íslandi inni í forritinu en margir séu þar samt. „Þegar búíð er að ná í völlinn er viðkomandi með allar upplýsingar um hann og þá reiknar síminn út vegalengdina frá kúlu að holunni fyrir þig. Einnig heldur síminn utan um skorið þitt og punktana,“ segir Heiðrún og bætir við að þessi tækni komi vel út og sé vinsæl meðal golfáhugamanna.

Þegar Heiðrún er innt eftir nýjungum hjá Tæknivörum segir hún LG-farsíma nýlega hafa bæst í hóp þeirra farsímamerkja sem fyrirtækið flytur inn. „Við tókum þá inn í vor og ein gerð er komin á markaðinn en fleiri koma seinna í sumar,“ segir Heiðrún. Viðtöknar hafa verið góðar og hafa 550 farsímar selst síðan í byrjun júlí. „Þetta er LG Viewty-sími með snertiskjá á betra verði heldur en gengur og gerist með snertiskjássíma. Hann hefur rokið út og er við það að verða uppseldur hjá okkur.“

Heiðrún segir að vegna mikilla vinsælda þessa fyrsta LG-farsíma á markaðnum hafi verið ákveðið að flytja inn fleiri gerðir. „Í byrjun ágúst kemur LG-Arena sem er



Heiðrún Þráinsdóttir segir fyrsta LG-farsímarn á markaðnum hafa rokið út.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

flaggskipið þeirra. Snertiskjáriinn er fullkomnari en í LG Viewty og er fjölsnertiskjár þar sem hægt er að nota fleiri en einn fingur í einu á skjánum. Það er í rauninni ekki beint hægt að bera þá saman því Arena býður upp á meiri möguleika og er eiginlega eins og lítil tölva.“

Að sögn Heiðrúnar hafa LG-símarnir ekki náð vinsældum hér

á landi fyrr. „Þeir eru samt mjög vinsælir í Evrópu. Á Norðurlöndunum hefur LG ekki náð fótfestu hingað til,“ segir Heiðrún og telur ástæðuna liggja í því að innlendir sölumenn hafi ekki verið á þessu svæði fyrr. „Breytingin hefur orðið sú að nú fer fram markaðsstarf hér af innlendu fólki sem þekkir inn á sinn markað.“

-mmf

## Lægra verð til viðskiptavina

„Vodafone ákvað að lækka verð fyrir aðgang að Netinu í Evrópu um síðustu mánaðamót þegar ný Evróputilskipun tók gildi,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. „Í tilskipuninni er fjarskiptafyrirtækjum í löndum Evrópusambandsins gert skylt að virða reglur um hámarksverð á þjónustunni til annarra símafyrirtækja, en lækkunin er allt að 85 prósent hjá viðskiptavinum okkar.“

Þá segir Hrannar að 3G-nettenglar séu augljóslega sumarvaran hjá Vodafone í ár. „Salan hefur verið meiri en nokkru sinni áður. Risa-frelsi hefur líka fengið góðar viðtökur,“ segir Hrannar.

-hds



3G-nettenglar eru vinsælir.



Í sumar hefur götulistahópur nokkur vakið töluverða athygli en hann hefur það verk að ferðast um og vekja athygli á Vodafone.

MYND/ÓLI HAUKUR



**TAL**



HEIMASÍMI



NET



GSM

# Allur Pakkinn

frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

**NOKIA**  
Connecting People



## Nokia N97

Quad-band GSM  
3G – HSDPA 3.6 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g UpNp  
360 x 640 pixla 3,5"  
Snertiskjár  
QWERTY lyklaborð  
5MP myndavél  
Carl Zeiss – Geo-tag

RDS FM Stereo útvarp  
Tónlistar- og myndspilari - FM sendir  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
Nokia Maps, 32 GB innbyggt minni  
TV-out og 3.5 mm hljóðtengi  
Mail for Exchange  
Lifandi biðskjár, Facebook,  
tölvupóstur o.fl.



**NOKIA**  
Connecting People

## Nokia N86

Nokia N86  
Quad-band GSM  
3G – HSDPA 3.6 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g UpNp  
240 x 320 pixla 2,6"  
Amoled Skjár  
8MP myndavél – 28mm  
Carl Zeiss – ISO800

RDS FM Stereo útvarp  
Tónlistar- og myndspilari - FM sendir  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
Nokia Maps 3.0 / Áttaviti  
8 GB innbyggt minni  
TV-out og 3.5 mm hljóðtengi  
Mail for Exchange



VÆNTANLEGUR

**NOKIA**  
Connecting People

## Nokia E72

Nokia E72  
Quad-band GSM  
3G – HSDPA 10.2 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g,  
Nokia VoIP 3.0  
240 x 320 pixla  
2,36" Skjár  
5MP myndavél – Autofocus

RDS FM Stereo útvarp  
Tónlistar- og myndspilari  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
Nokia Maps 3.0 / Áttaviti  
TV-out og 3.5 mm hljóðtengi  
600 MHz örgjörvi  
Mail for Exchange



„Þú getur verið með öll tölvupóstföngin þín í einum og sama símanum. Líka tíu gígabæti af tónlist, góða vídeómyndavél og átta bíómyndir,“ segir Þorsteinn sem er vörumerkjastjóri Hátækni.

FRÉTTA/BLAÐID/GVA

# Allt á einum stað

**Snertiskjár, GPS-tækni, öflug myndavél og tónlistarspilarar. Allt rúmast þetta í einum og sama símanum frá Nokia eins og Þorsteinn Þorsteinsson hjá Hátækni kann að lýsa.**

„Fyrir nokkrum árum fórstu út að hlaupa og þú varst með síma í öðrum vasanum og mp3-spilara í hinum. Þú skráðir hlaupið og því varstu með GPS-tæki á handleggnum og jafnvel með myndavél í fórum þínum ef þú skyldir rekast á eitthvað athyglisvert. Ég og fleiri erum með þetta allt í sama tækinu,“ segir Þorsteinn. „Og ekki má gleyma Facebook,“ bætir hann við. Þorsteinn er staddur niðri á Austurvelli í síðdegissól þegar í hann næst – að sjálfsögðu í síma. „Hér eru örugglega um 800 manns og ég er viss um að hluti af þeim fjölda er einmitt á Facebook núna að senda: „Sit niðri á Austurvelli með einn kaldan,“ og vinirnir flykkjast á staðinn,“ segir hann glaðlega. Svo fer hann rólega yfir helstu nýjungar í Nokiasímunum.

„Snertiskjárnir eru að verða æ algengari. Þeir flýta fyrir og eru flottari en takkarnir. Tæknin snýst jú líka um að upplifunin sé skemmtileg. Nokia er líka komið með GPS-staðsetningar- og leiðsögukerfi í marga af sínum símunum. Nokia keypti Navteq, eitt stærsta kortagrunnafyrirtæki í heiminum á síðasta ári og kort af Íslandi er að koma núna í september. Þeir sem eru með hugbúnaðinn Nokia Maps í símanum sínum geta bara hlaðið því inn frítt. Það er stóri punkturinn að þetta er allt ókeypis. Einn af kostunum við að vera með GPS í símanum er að þegar teknar eru myndir á símann þá skráir hann sjálfkrafa nákvæmlega á hvaða punkti hún er tekin. Þannig að þegar myndirnar eru skoðaðar er hægt að biðja um þær upplýsingar og þá kemur upp kort.“

Talandi um myndavélar upplýsir Þorsteinn líka að myndavélar í símunum séu alltaf að verða öflugri. „Síammyndavélar eru í raun að leysa þessar litlu vasavélar af hólmi,“ tekur hann fram. „Þær eru fáanlegar með 5-8 megapíxlum

þannig að það er stórt skref frá því sem var. Sömuleiðis eru símarnir að leysa af hólmi iPod því tónlistarspilarar í þeim eru það góðir. Minnið er tengt því hversu stórt kortið er en það getur verið allt upp í 32 gígabæt.“

Hátækni selur einnig síma af gerðinni HTC. Þorsteinn segir þá hingað til einkum hafa verið notað í fyrirtækjum en það sé að breytast og telur Jón Jónsson farinn að þurfa þeirra með. „HTC keyrir á Windows stýrikerfi, rétt eins og PC-tölvun. Því er hægt að samstillja tölvuna og símann og vera með sömu upplýsingar á báðum stöðum,“ segir Þorsteinn og tekur dæmi: „Ef ég skrái hjá mér nafnið þitt og símanúmer í símann minn þá er það komið eftir tvær sekúndur í tölvuna mína og ef ég skrái það í tölvuna þá er það komið eftir tvær sekúndur í símann, án þess að ég geri nokkurn skapaðan hlut. Ég er með öll tölvupósthólfín mín í einum og sama símanum. Líka tíu gígabæti af tónlist sem tekur svona fjórtán daga að spila, góða vídeómyndavél, útvarp og átta bíómyndir.“ -gun

# Sér í gegnum holt og hæðir

Viðbótarveruleiki, sem nefnist á frummálinu augmented reality, er ný tækni sem verið er að hanna fyrir farsíma um þessar mundir.

GPS-staðsetningartæki og áttaviti er innbyggt í farsímann sem hleður niður alls kyns upplýsingum um það sem ber fyrir linsu augað. Með því að beina símanum að tilteknum byggingum birtast þannig á skjánum upplýsingar um veitingastaði, staðsetningu hraðbanka og jafnvel hvort þar sé atvinna að finna.

Tæknin er ekki fullþróuð en tilraunaútgáfa hefur verið tekin í Amsterdam í Hollandi. Meðal annars geta þeir sem eiga síma sem keyra á svokölluðu Androidstýrikerfi nýtt sér þjónustuna ásamt því að nýta forritið Laya frá Google. Stefnt er að því að setja viðbótarveruleika á markað í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Bretlandi innan árs. -ng



Þjónustan birtir upplýsingar um allt það helsta sem er í sjónmáli; hvar veitingastaði og hraðbanka er að finna eða hvort atvinna sé í boði í nágrenni við notandann.

MYND/ÚR EINKASAFNI



# Bústaðnum breytt í heitan reit

„Það er margt sem hefur breyst í farsímaþjónustu með tilkomu 3G-tækninnar og nýir notkunarmöguleikar bæst við,“ segir Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, sem leggur áherslu á að gera Netið eins aðgengilegt fyrir símnötendur sína og kostur er.

„3G-pungarnir eru vinsælir hjá okkur en með þeim er hægt að tengja fartölvu við Netið hvar sem er, en svo eru líka til 3G-box þar sem hægt er að tengja fleiri en eina tölvu við Netið. Það er mjög sniðugt til dæmis í sumarbústaðinn og þá er bústaðnum eiginlega breytt í heitan reit. Boxið er eins

**3G-box er eins og þráðlaust ADSL-box.**



Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir fyrirtækið leggja áherslu á að gera Netið sem aðgengilegt fyrir símnötendur sína.



**3G-augað gengur hvar sem er.**

og ADSL-box nema þetta er þráðlaust,“ segir Liv.

Eitt af því nýjasta hjá Nova er 3G-auga, myndavél sem gengur fyrir bæði rafhlöðum og rafmagni og því hægt að setja það hvar sem er. „Þú getur hringt myndsímtal í augað og fylgst með bústaðnum eða heimilinu í gegnum það ef þú ert í frí,“ útskýrir Liv.

- hds

# Eitt hleðslutæki fyrir alla síma

Fljótlega mun hin eilífa leit að rétta hleðslutækinu fyrir farsíma heyra sögunni til, að minnsta kosti í Evrópu. Stærstu farsímaframleiðendur hafa samþykkt að kynna nýtt alþjóðlegt hleðslutæki innan sex mánaða.

Leiðandi framleiðendur á farsíamarkaði hafa komist að samkomulagi við Evrópusambandið um að kynna til leiks eitt hleðslutæki sem gengur að öllum sínum á þessu ári. Meðal þeirra framleiðenda sem stóðu að samkomulaginu eru Apple, Motorola, Nokia og Sony Ericsson.

„Fólk mun ekki þurfa að henda hleðslutækjunum sínum í hvert skipti sem það kaupir nýjan síma,“ sagði Günter Verheugen, iðnaðarráðgjafi Evrópusambandsins, um samkomulagið. Hann áætlaði að farsímaúrgangur í Evrópu væri mörg þúsund tonn á ári hverju.

Gerður verður evrópskur staðall fyrir farsímahleðslutæki þar



Fljótlega munu Evrópubúar ekki þurfa að leita lengi til að finna hleðslutæki fyrir símann sinn.

sem notast er við staðlaðan, lítinn USB-enda sem gengur inn í símann. Hleðslutækin verða þó einungis framleidd fyrir flóknari síma en ekki þá sem geta einungis

hringt og sent sms-skilaboð. Búist er við að slíkir símar verði helmingur allra keyptra síma í Evrópu árið 2010.

- mmm

# Ódýrari símtöl milli landa Saga farsíma

Evrópuþingið í Strassbourg hefur samþykkt reglugerð um að símafyrirtæki í gjörvallri Evrópu skuli lækka taxa sína á svokölluðum reikisímtölum og tók hún gildi 1. júlí.

Með reikisímtölum er átt við símtöl milli landa. Reglugerðin tekur einnig mið af textaskilaboðum og niðurhali í farsíma.

Var reglugerðinni komið á meðal annars vegna tilfellis þar sem þýskur farsímanotandi fékk reikning upp á 46.000 evrur fyrir að hala niður sjónvarpsþætti í farsímann sinn.

Viviane Reding, nefndarkona í fjarskiptanefnd ESB, hefur sagt að með þessu sé verið að binda enda á okur símafyrirtækja. „Þetta eru ráðstafanir sem ekkert land hefði getað gripið til eitt síns liðs,“ sagði hún. „Á tímum efnahagsþrenginga verða stefnumótandi aðilar að rétta neytendum hjálparhönd svo þeir fái meira fyrir peningana sína og iðnaðurinn njóti góðs



Verð fyrir móttöku reikisímtals mun lækka úr 22 evrusentum í 19 með nýrri reglugerð. Hringing lækkar hins vegar úr 46 evrusentum í 43 evrusent. Textaskilaboð fara úr 28 í 11 evrusent.

af vaxandi væntingavísitölu neytenda.“


Reglugerðin verður einnig innleidd hér á landi sem hluti EES-samningsins.

- ng

Fyrsti bílasíminn var tekinn í notkun árið 1982, hann vó 9,8 kíló en tveimur árum síðar komu aðrir meðfærilegri fram á sjónarsviðið sem voru ekki nema fimm kíló. Það var því mikið framfaraskref árið 1986 þegar símar sem vógu einungis 800 grömm komu á markað. Þeir voru þó talsvert klunnalegir enda fylgdi þeim stór rafhlaða. Þetta voru svokallaðir NMT-símar sem Íslendingar urðu strax hrifnir af og á fyrsta hálfu árinu urðu notendur þeirra hér á landi um 200 talsins.

Árið 1992 var nýtt samevrópskt farsímakerfi kynnt til sögunnar. Það er hið svokallaða GSM sem stendur fyrir Global system for mobile Communications. Það kerfi var tekið í notkun á Íslandi 16. ágúst árið 1994 og sló strax rækilega í gegn.

- gun



**NOKIA**  
Connecting People



## Nokia 5800

Quad-band GSM  
3G – HSDPA 3.6 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g UpNp  
360 x 640 pixla 3,2" Snertiskjár  
3.2MP myndavél  
Carl Zeiss – Geo-tag

RDS FM Stereo útvarp  
Tónlistar- og myndspilari - FM sendir  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
Nokia Maps 2.0 Touch  
8 GB minni fylgir  
TV-out og 3.5 mm hljóðtengi  
Mail for Exchange



**NOKIA**  
Connecting People

## Nokia 3720

Vatns, högg og rykvarinn – IP54  
3-band GSM og  
2,5G Gagnaflytningur  
2,2" skjár – 240 x 320 pixla  
Stórir takkar og vasaljós

Stereo FM útvarp m/RDS  
Tónlistarspilari  
2MP myndavél  
Windows LIVE Messenger  
1GB minniskort fylgir

**NOKIA**  
Connecting People



## Nokia 6700

Hannaður af dönskum hönnuð  
Smíðaru úr rústfríu stáli  
Noise cancelation fyrir betri  
gæði í samtali  
Quad-band GSM  
3G – HSDPA 10 Mbps  
2,2" skjár – 240 x 320 pixla

Stereo FM útvarp m/RDS  
Tónlistarspilari  
5MP myndavél – Geo-tag  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
Windows LIVE Messenger  
1GB minniskort fylgir



## HTC Snap

Quad-band GSM  
3G – HSDPA 7.2 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g  
320 x 240 pixla 2,4" skjár  
QWERTY lyklaborð  
2MP myndavél

Windows Mobile 6.1 Standard  
Tónlistar- og myndspilari  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
528 MHz örgjörvi  
Mail for Exchange



## HTC Touch HD TouchFLO 3D

Quad-band GSM  
3G – HSDPA 7.2 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g  
480 x 800 pixla 3,8" snertiskjár  
5MP myndavél

Touch focus  
Windows Mobile 6.1 Pro  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
RDS FM Stereo útlarp  
Mail for Exchange



## HTC Touch Diamond II TouchFLO 3D

GSM Quad-band  
3G – HSDPA 900/2100 7.2 Mbps  
Wi-Fi 802.11 b/g  
480 x 800 pixla 3,2" snertiskjár  
5MP myndavél

Touch focus  
Windows Mobile 6.1 Pro  
A-GPS móttakari/Staðsetning  
RDS FM útlarp  
Mail for Exchange



Margrét Stefánsdóttir segir sífellt fleiri nýta sér þá möguleika sem felast í M-síðum Símans, en þær má nálgast á Netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tökum mið af ólíkum þörfum hvers og eins

Síminn býður viðskiptavinum sínum upp á ýmsar nýjungar í farsímabjónustu. M-síður og ókeypis tónlist hafa mælst vel fyrir.

„M-síðurnar hafa mælst mjög vel fyrir meðal viðskiptavinum okkar og ekki að ástæðulausu þar sem þær bjóða upp á svo marga skemmtilega og ólíka möguleika,“ segir Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, beðin um að nefna helstu nýjungar í farsímabjónustu sem viðskiptavinum Símans standa til boða.

„Með þessari þjónustu geturðu horft á sjónvarpið í gegnum símann, fréttir, ípróttir og fleira, af RÚV, Stöð 2 og Skjá einum og horft á upptökur frá erlendum sjónvarpsstöðvum,“ bendir Margrét á og bætir við að einnig sé hægt að skoða tölvu-póstinn, Flickr, uppfæra Facebook-stöðuna, leita á Google, gera kaup á eBay og Miða.is og margt fleira. Þjónustan virki í alla farsíma en komi best út í 3G-símum.

„Síminn hannaði og þróaði þessa þjónustu sem var áður ekki aðgengileg farsímanotendum á Ís-



M-síðurnar má nálgast á Netinu. Fyrir þeirra tilstuðlan er hægt að horfa frítt á sjónvarpið í farsímanum, leita á Google, eBay og margt fleira.

landi,“ útskýrir hún enn fremur og segir að allt innan M-síðna Símans sé viðskiptavininum algjörlega að kostnaðarlausu. „En um leið og farið er út fyrir M-svæðið er gjaldfærsla hins vegar samkvæmt gjaldskrá.“

Margrét nefnir aðra vinsæla nýjung til sögunnar: „Síminn, í samstarfi við tónlist.is, býður viðskiptavinum sínum upp á tónlist í farsímanum í sumar. Þetta er þeim

að kostnaðarlausu í fyrsta sinn. Notendur geta þá hlýtt á innlenda tónlist án þess að greiða fyrir hana, að því gefnu að þeir ætli sér ekki að eignast hana. Þó er greitt fyrir niðurhal þegar um erlenda tónlist er að ræða. Aðeins er hægt að hlusta á tónlist í 3G-símum.“ Að hennar sögn hefur þessi þjónusta slegið rækilega í gegn. „Til marks um það vorum við með ákveðinn kvóta í upphafi, en vegna mikill-

ar eftirspurnar urðum við að stækka hann.“

Þá segir hún símann með fjölbreytt úrval leiða í farsímabjónustu fyrir viðskiptavinina „Við tökum auðvitað mið af hversu ólíkar þarfir hvers og eins geta verið; með núllinu geta til dæmis skráðir fjölskyldumeðlimir talað saman innanlands án þess að greiða krónu fyrir. Við bjóðum þeim sem eru með frelsi ókeypis símtöl um helgar innan kerfis og svo Netið í símann á núll krónur til fyrsta september.“

Margrét bendir á að viðskiptavinir Símans geti snúið sér til þjónustuversins með allar fyrirspegnir en það er haft opið allan sólarhringinn. -rve

# Intel og Nokia í eina sæng

Forsvarsmenn Intel og Nokia hafa lýst því yfir að fyrirtækin ætli í samstarf. Vitað er að þau hyggjast framleiða farsímataeki (mobile device) með netaðgangi sem notast við örgjörva frá Intel. Annað er á huldu.

Samstarfið má rekja til þess að Intel, sem framleiðir og selur örgjörva í tölvur, hefur ekki tekist að komast inn á farsímamarkaðinn. Þá var Nokia, sem hefur notið velgengni á snjallsímamarkaðnum, óviðbúið velgengni iPhone frá Apple.

Er talið að Nokia og Intel hyggist saxa á það forskot sem sumum þykir Apple hafa náð með iPhone.

Það þyrfti að gerast á sviði hugbúnaðar og í því samhengi hefur mikið verið rætt um að fyrirtækin muni nýta sér opinn hugbúnað (open source) byggðan á Linux.

Þess má geta að samtvíning farsíma og PC-tölva er á dagskrá hjá flestum tölvu- og símafyrirtækjum.

Líkast til munu margar slíkar vörur líta dagsins ljós en gróðinn er ekki alltaf vís, þar sem markaðurinn er fallvaltur.

Forsvarsmenn Intel og Nokia hafa tekið höndum saman. Er talið að fyrirtækin hyggist ná forskoti á Apple.





Ekki hafa allir efni á símunum sem voru til sýnis í Japan, þar sem áhersla var lögð á flott útlit. AFP/NORDICPHOTOS



Sýningarstúlka með farsíma úr smíðju Sony Ericsson.

# Tollað í tískunni í Tókýó

Farsímaframleiðendur fara ýsmar leiðir til að vekja athygli á vörum sínum eins og sannaðist þegar Sony Ericsson tók höndum saman við japanska tískuhönnuði á dögnum.

Hið japansk-sænska Sony Ericsson gætir þess að tolla í tískunni, eins og sannaðist á nýafstaðinni sýningu í Tókýó í Japan þar sem fyrirtækið kynnti nokkra flotta síma til sögunnar.

Sony Ericsson hefur átt í nánu samstarfi við alls kyns hönnuði sem sérhæfa sig í götutísku og því eru fönngulegar sýningarstúlku-

ur algeng sjón á sýningum fyrir-tækisins. Þar spígspara þær með farsíma á sýningarþöllum. Sýningarstúlkunum er ætlað að sýna fram á að símarnir séu mikilvægur hluti af ímynd hvers og eins.

Farsímarnir, eins og þeir sem voru til sýnis í Tókýó, er yfirleitt aðeins á færi efnaðra að eignast. Til marks um það var þar hægt að fá demantsskreyttan farsíma á litla 25.000 bandaríska dollara eða sem samsvarar 3.164.500 íslenskum krónum. Í slíkum tilvikum er útlit símans aðalatriði en ekki notagildi.

Þess má geta að japanski tískuhönnuðurinn veltir um 88 billjón-



Farsímarnir voru margir hverjir ótrúlega litskrúðugir eins og sést af þessum bleiku símun sem búin er myndavélum.

um dollara á ári hverju. Því getur verið eftir miklu að slægjast fyrir farsímaframleiðendur sem vilja koma sér á framfæri fyrir hans tilstuðlan. -ng

**Risa frelsi!**

**5 vinir óháð kerfi**

**inneign fylgir 1000 SMS**

**0 kr. innan kerfis**

**Engin útborgun og 12.000 kr. inneign fylgir**

Nokia 5130 XpressMusic  
Frábær sími með myndavél og tónlistarspilara

**0 kr. út**  
og 2.000 kr. á mán. í 12 mán.  
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán.  
Staðgreitt: 23.900

Komdu strax í næstu verslun Vodafone eða á vodafone.is og kláraðu dæmið

Lifðu núna

Sony Ericsson



## Sony Ericsson C510

Þetta er flottur 3G sími með frábæri myndavél. Skoðuðu póstinn þinn með Active sync og leiktu þér á netinu á þriðju kynslóðar hraða hvar sem er og hvenær sem er. Valmyndartakki sem kemur þér beint inn á YOUTUBE, face- og smile detection í myndavélinni, hreyfiskynjari fyrir leiki og margt, margt fleira!



SAMSUNG

## Samsung S5600

Flottur sími sem býður upp á 3G, 3.15MP myndavél með Face detection, stóran snertiskjá, tónlistarspilara, skjalaskoðara, góða rafhlöðuendingu og margt fleira.



SAMSUNG

## Samsung S5600

Tónlistarsími frá Samsung sem er einnig með 3.2MP myndavél, AMOLED snertiskjá, útvarpi, tónlistarspilari, 3.5mm tengi, GPS leiðsögukerfi, skjalaskoðara, samstillingu við Windows Media Player og margt fleira!



Samsung ætlar sér að draga úr mengun frá verksmiðjum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

## Fjárfestir í grænni framtíð

Suðurkóreska fyrirtækið Samsung Electronics segist ætla að verja yfir fjórum billjörðum Bandaríkjadala í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá verksmiðjum sínum.

Vonast forsvarsmenn Samsung Electronics að með þessu móti verði hægt að minnka losun skaðlegra efna úr framleiðslustöðvum þess um 50 prósent. Þess utan ætlar fyrirtækið að þróa og framleiða orkunýtnari vörur en það hefur gert hingað til, þar á meðal kælikápa og loftræstibúnað.

Frumkvæði fyrirtækisins má rekja til áætlana stjórnvalda í Suður-Kóreu um að leggja aukna áherslu á umhverfismál. Suður-Kórea er nú í tífunda sæti yfir þau lönd í heiminum sem menga mest og hefur stjórnin heitið því að verja 84 billjörðum Bandaríkjadala í að gera landið umhverfsvænna á næstu fimm árum.

Sérfræðingar álíta að samstillt átak hins opinbera og fyrirtækja í þessum efnum muni efla hagvöxt og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

-ng



Í Bandaríkjunum er nú deilt um hvort hringitónar flokkist undir opinberan tónlistarflutning sem eigi að greiða stefgjöld af. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tónlistariðnaður fer í hart

Samtök bandarískra tónskálda, höfundar og útgefenda í New York hafa höfðað mál gegn fyrirtækjunum AT&T og Verizon fyrir að dreifa hringitónum í farsíma. Þau vilja að úrskurðað verði hvort hægt sé að flokka hringitóna sem farsímanotendur geta halað niður í síma sína undir opinberan tónlistarflutning.

Ógerningur þykir að lögsækja alla þá sem hlaða niður lögum á farsíma, enda eru þeir milljónir talsins. Deilan snýst því um lögmati sjálfrar tækninnar sem býr þar að baki og hugsanleg stefgjöld af hringitónum, en fyrirtæki sem dreifa þeim til farsímanotenda greiða nú þegar skatt af dreifingunni.

Forsvarsmenn fyrrnefndra samtaka halda því fram að ekki verði deilt um hvort hringitónar flokkist undir opinberan flutning á tónlist á meðan hringitónar standa farsímaeigendum til boða. Gildi einu hvort hringingin heyrir eða ekki. Andstæðingar þeirra segja málsóknina hins vegar tefla rétti neytenda í tví-sýnu.

-ng

## Kreppan ekki á Tali

„Sala farsíma hefur auðvitað eitt-hvað minnkað en samt sem áður er hún stanslaus allan mánuðinn þó það sé ekkert í líkingu við árið í fyrra,“ segir Atli Rafn Viðarsson, yfirmaður verslunarsviðs hjá Tali. „Ótrúlegt en satt er engin kreppa hérna. Fólk kaupir ódýrari síma og er ekkert endilega að hugsa um alla aukataeknina sem fylgir með farsímunum heldur vill hafa þetta einfalt.“

Atli segir að nýr LG-sími með

snertiskjá sé mjög vinsæll um þessar mundir hjá Tali. „Hann kom í síðasta mánuði og er vandaður en ódýr. Í samanburði við aðra síma með snertiskjá er hann jafnvel á þrefalt lægra verði.“

Í farsímaþjónustu er Tali með nýtt tilboð sem hófst í sumar. „Þá erum við að tala um sex eða þrjá vini óháð kerfi. Það hefur gengið mjög vel og fólk er að skipta yfir til okkar og nýta sér þetta tilboð,“ segir Atli.

-mmf



Atli Rafn segir að hjá Tali sé boðið upp á þrjá eða sex vini óháð kerfi án aukagjalds.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Í snertingu við framtíðina!



### LG Viewty

- 3" snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- Spilar DivX skrár

34.900 kr.

### Nokia 5800 XpressMusic

- 3.2" snertiskjár
- 3.2 megapixla myndavél
- Wifi og GPS

69.900 kr.

### Samsung S5600

- 2.8" snertiskjár
- 3.15 megapixla myndavél
- Fullkominn tónlistarspilari

54.900 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

**ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR**  
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



**Poppkóngurinn í tískunni**

Þó Michaels Jackson verði líklega fyrst og fremst minnst fyrir tónlistina, breytingar á andliti sínu og svo kannski hneykslismál, þá hafði hann gríðarleg áhrif á tískuna og það þrátt fyrir að mörgum finnst hann hafa haft afar lélegan fatasmekk.

Föt hans voru oft skrautleg og yfirhlaðin keðjum og pallíettum. Við þau notaði hann hvíta eða glitrandi sokka og hver man ekki eftir kvartbuxunum sem minntu helst á of stuttar buxur. Þrátt fyrir að hann hafi kannski ekki gjörbreytt tískunni er líkt og hönnuðir hafi að einhverju leyti tekið Jackson í sátt síðustu misseri, einkennileg tilviljun í ljósi síðustu atburða. Í október 2007 mátti sjá Michael Jackson á forsíðu ítalska Uomo Vogue klæddan í fót eftir Roberto Cavalli, en Cavalli átti að hanna fót fyrir plötuumslag væntanlegrar plötu. Áhrif Michaels Jackson sjást líklega meira í kvéntísku enda var hann ekki sá karlmannlegasti í klæðaburði og stíl.

Á sýningu tískuhúss Pierre Balmain fyrir sumarið sem nú er að líða mátti sjá hermanna-jakka að hætti yfirmanna, nánast eins og jakka sem Jackson notaði á einum af sínum fjölmörgu tónleikaferðalögum. Sjálfsgagt hefur einhver góður viðskiptavinur Balmain tekið fram jakkann eftir að fréttir af dauða kóngsins bárust. Á tískusýningu fyrir komandi vetur sýndi Jean-Charles de Castelba-

jac kjól með mynd af andliti Michaels frá yngri árum með líkt og svartri gæru í kringum andlitið sem minnir á afró-greiðslu. Castelbajac hefur reyndar áður gert svipaðan kjól með mynd af Barack Obama. Líklegt er að þessi kjóll eigi eftir að slá í gegn í vetur. Síðasta vetur seldi tískuhús Martins Margiela eftirlíkingu frægs jakka Thriller-myndbandsins sem nú hlýtur að öðlast aukio gildi og á jafnvel eftir að seljast dýrt á Netinu.

Daginn eftir fráfall Michaels ráku margir upp stór augu á tískusýningu Givenchy í París og fannst sem þeir sæju drauga á sýningarpallinum en frá því fyrir nokkrum mánuðum gekk Michael Jackson aðeins í fötum frá Givenchy, hönnuðum af Riccardo Tisci. Tisci hannaði einmitt búninga sem átti að nota í tónleikaferð poppkóngsins sem átti að hefjast í júlí og sýningin bar þess merki. Svona geta örlögin breytt gangi mála og fötin, sem sum hver minntu á goðið, voru sýnd aðeins nokkrum tímum eftir að fréttir að bárust af dauða Jacksons. Ötrúleg tilviljun sem auðvitað setti drungalegan svip á sýninguna. Nú er að sjá hvort fleiri hönnuðir muni rjúka til og setja smá Jacksonsyfirbragð á hönnun sína. Plöturnar rokseljust að nýju og því ekki líka fatnaðurinn?  
*berg75@free.fr*



Gamaldags og efnismiklir bolir þykja ekki lengur gamaldags. MYND/GETTY IMAGES



Útilíf, 9.990 krónur.



Spúútnik, Kringlunni 2.300 krónur.



Sigurboginn, 18.900 krónur.



Sigurboginn, 19.900 krónur.



Sigurboginn, 19.900 krónur.



Sigurboginn, 19.900 krónur.

**Flott á laugarbakkannum**

Sundbolir sækja í sig veðrið í vinsældum. Jafnvel efnismiklir bolir sem minna á tískuna um miðja síðustu öld. Tankini kemur líka sterkt inn, með buxum og útsniðnum bol sem nær niður fyrir mitti.

Tískubylgjurnar hreyfa við sundfötum eins og öðrum og nú eru það sundbolirnir sem blífa þótt þeir hleypi ekki sólargeislum að eins stórum hluta kroppsins og bikiní. Í verslunum með notaðan og nýjan

fatnað er hægt að rekast á fallega sundboli og í Sigurboganum við Laugaveg fást vandaðir bolir fyrir kvenfólk á öllum aldri. Meira að segja flottir bolir fyrir þær sem hafa misst brjóst.

Bolir með rykkingum skáhallt að framan forma kroppinn betur en þeir sem eru sléttir og hið sama gildir um tvöfalt efni á vissum stöðum.

*gun@frettabladid.is*

**ÚTSALA**  
**30-70%**  
**AFSLÁTTUR**

DIESEL - G-STAR - ENERGIE - GESTUZ - DR. DENIM - MATINIQUE - BILLI BI - MOSS - BRONX - o.fl.



ATH. Næg bílastæði í bílastæðahúsinu á móti

**ÚTSALA**

**40%**

afsláttur af öllum vörum

DKNY  
Gerard Darel  
Kristiansen du Nord  
Bruuns Bazaar  
...og fleiri

**eva**

Laugavegi 89 s. 512 1715

**galleri sautján** **gs skór** **FATÓ** **gallerihúsið**  
ÓDYRARI MERKJAVARA  
Laugavegi 91 - www.ntc.is











## Lungamjúkt hrefnukjöt við opinn eld

Um síðustu helgi fór ég í fyrstu útilegu sumarsins. Ferðinni var heitið á Laugarvatn, þrátt fyrir ómurlega veðurspá og átti að tjalda til einnar nætur. Við komuna var ágætis veður en töluvert af mýi. Þegar nýbúið var að taka til tjalds, svefnpokana og tjaldstólana byrjaði að rigna eins og enginn væri morgundagurinn. Virtist eins og Guð hefði loks fengið nóg af okkur sem ætluðum að tjalda og léti rigna á okkur eldi og brennisteini. Mýflugurnar höfðu þegar komið og kýlaþestin var næst. Eftir að loks hafði stýtt upp og heimsendaspárnar slaknað í huganum var allt, gjörsamlega allt, blautt. Ekki bara tjaldið, heldur var svefnpokinn blautur eins og notuð sundskýla og sá ég fram á svefnlausu nótt. Útilegan byrjaði vægast sagt ekki vel.

Nokkrum tímum síðar var komið að því að grilla. Hafði ég hlakkað til að borða „lungamjúka (já, það stendur á pakkningunum) hrefnukjöt mitt og eins og hver annar útilegu-Íslendingur hafði maður fjárfest í einnota grilli. Aldrei lærir maður af reynslunni. Kveikt var í smjörpappírnum sem liggur á kolunum. Kviknaði svaðalegt smábál á grillinu en þremur mínútum síðar var eins og vatni hefði verið hellt á grillið. Kolin voru ekki grá heldur kolsvört eins og suðusúkkulaði. Hins vegar hafði einhver gerst svo sniðugur að vera með bónpappír í bílnum. Grindin var tekin af og bónpappír lagður yfir kolin. Eftir sama smábál endaði þetta aftur eins og í fyrra skiptið. Lungamjúka hrefnukjöt var því nánast grillað við opinn eld bónpappírs. Það bragðaðist samt ágætlega.

Svona eru þessar íslensku útilegur. En það er samt alltaf gaman, á endanum.


**NOKKUR ORÐ**  
Víðir Smári Petersen



## myndasögur

**■ Pondus**

Eftir Frode Øverli




**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



**■ Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell



**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**FISKBÚÐIN HAFBERG**

Gnoðarvogi 44,  
s. 588 8686.

**HUMAR ALLAR STÆRÐIR**

**VILLTUR LAX, LÚÐA**

**KLAUSTURBLEIKJA**

**SKÖTUSELUR**

**OG ÚRVAL**

**FISKRÉTTA Á GRILLIÐ**

**Veljum íslenskt**

**opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00**

## Gorenje

### ísskápur

\*\*\*

A+ Orkunýtni

**Gorenje ísskápur**

RK60358DW

Hvítur.  
Nýtanlegt rými kælis 230 l.  
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.  
Hljóðstig 40 dB(A).  
Bráðunartími við straumrof: 18 klst.  
Frystigeta: 4 kg/dag.  
Mál (BxHxD): 180x60x64 cm.

Verð
142.900

## RÖNNING

Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími 562 4011
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími 470 2020
Akureyri • Draupnigsgata 2 • Sími 460 0800

# Blaðberinn

# bíður

# þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**



**K.S LAMBALÆRI OG  
LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM  
FRYSTIVARA 1359 kr./kg.**



**K.S FROSID LAMBALÆRI  
1078 kr./kg.**



**1498**

**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.**



**FIRST QUALITY BANANAS**



**CONSUL BANANAR  
PAKKAÐIR  
198 KR.KG**



**1598**

**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg**



**40%  
AFSLÁTTUR**



**ALI KJÚKLINGALÆRI FORKRYDDUÐ  
MERKT VERÐ 898 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 539 kr./kg**



**50%  
AFSLÁTTUR**

*PARF AÐEINS AÐ HITTA!*

**HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR  
50% AFSLÁTTUR 345 kr./kg.**



**98**

**BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK 98 kr.**



**159**

**BÓNUS NÝBAKAÐIR SNÚÐAR  
SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU 159 kr.stk**



**498**

**GÓU ÞRENNA 498 kr.**



**SALTAÐ HROSSAKJÖT**

**3 KG. 698 KR**

**SALTAÐ HROSSAKJÖT 3 KG Í FÖTU 698 kr.**



**359**

**KJÖRÍS ALPRÓS 6 stk. 120 ml 359 kr.**



**98**

**BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK. 98 kr.**



**259**

**EINNOTA GRILL 259 kr**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**1198**

FROSNAR GRÍSÁLUNDIR (INNFLUTTAR) **1198 kr./kg.**



**398**

CAJ-P GRILLOLÍA  
500 ML **398 KR.**



**798**

G.V FERSKT GRÍASNITSEL **798 kr./kg.**



**798**

G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS **798 kr./kg.**



**498**

G.V FERSKT GRÍSAHAKK **498 kr./kg.**



**298**

GREAT TEXAS PIZZUR 350g **298 kr.**



**698**

FERSKAR G.V GRÍSAKÓTILETTUR



**298**

MAARUD SALT OG  
PIPAR 350g **298 kr**

**BARNASOKKAR  
NÝ SENDING 299 KR.**



**398**

CAPRI SONNE 10 FERNUR Í PAKKA 200ml **398 kr.** TVÆR TEG. FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ



**98**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT  
375g **98 kr.**



**69**

69 kr. 1/2 ltr.



**359**



**298**

GULLKAFFI DANSKT  
meðalbrennt 500g **298 KR.**  
GRANDOS GULLKAFFI INSTANT  
100 GR **359 KR.**

**BONUS BÝÐUR BETUR**



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30



BJÖRK



THE FIERY FURNACES

## > Í SPILARANUM

**Björk** - Voltaic  
**Micachu** - Jewellery  
**Ruxpin** - Where Do We Float From Here?  
**We Were Promised Jetpacks** - These Four Walls  
**The Fiery Furnaces** - I'm Going Away

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Norðrið á Sódómu

Auglýst verður eftir upphitunarhljómsveitum til að ferðast með íslenskum listamönnum til Þýskalands á vegum Útflutningskrifstofu Íslands og Iceland Express. Sjö tónleikaferðir verða skipulagðar veturinn 2009 til 2010 og kallast tónleikarnir Norðrið. Kira Kira ríður á vaðið í september og síðan fylgir Gus Gus í október.

Norðrið er verkefni sem hófst í mars og hefur að leiðarljósi að koma á framfæri íslenskri tónlist í Þýskalandi. Í þessari seinni atlögu hefur verið leitað til hljómsveita sem nú þegar hafa bókunarskrifstofur þar í landi.

Tónleikastaðurinn Sódóma stendur fyrir tónleikum sem tengjast verkefninu í Reykjavík. Þá verður Norðrið þema fyrstu helgina í september þegar von er á átta blaðamönnum frá Þýskalandi vegna þessa.

Fyrsti liður íslenska Norðursins hefst í



ISLANDSANGINN For a Minor Reflection spilar á Norðrið-tónleikum á Sódómu.

kvöld með tónleikum For a Minor Reflection, Rökkuró og Agent Fresco, en For a Minor Reflection tók þátt í Norðrinu í Þýskalandi í júní. Tónleikarnir hefjast klukkan níu og kostar 500 krónur inn.



## > Plata vikunnar

Hermigervill - Hermigervill  
 leikur vinsæl íslensk lög

★★★

„Hljóðgervilaútgáfur af íslenskum smellum, sumar vel heppnaðar.“



## TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

### Miklir möguleikar

Gogoyoko-tónlistarvefurinn var opnaður fyrir skömmu. Hann er í senn söluvefur fyrir tónlistarmenn og útgefendur og samfélag tónlistaráhugamanna. Söluvefurinn er opin öllum þeim sem hafa áhuga á að koma tónlist í sölu. Þeir ráða sjálfir söluverðinu á lögnum og plötunum sem þeir bjóða og allur ágóði rennur til þeirra.

Að auki fá tónlistarmenn 40 prósent af auglýsingatekjum vefsins og er sá hluti greiddur út miðað við fjölda spilaðra laga, en á Gogoyoko er bæði hægt að hafa niður tónlist gegn greiðslu og hlusta á hana án greiðslu með þar til gerðum spilara. Hluti af auglýsingatekjum rennur til góðgerðarmála og tónlistarmenn geta látið 10 prósent af sínum tekjum í góð málefni líka.

Það eru mörg vefsvæði að selja tónlist, en hjá Gogoyoko hafa tónlistarmennirnir sjálfir meiri stjórn á sölnunni og fá hærri hlut af tekjunum heldur en áður hefur þekkt. Bæði þessi atriði eru mjög mikilvæg. Að auki er þetta samfélag fyrir tónlistaráhugamenn. Það er hægt að safna vinum og setja inn statusa eins og á Facebook og Twitter og það sem er mikilvægara: Á Gogoyoko er hægt að hlusta á mikið af tónlist og uppgötva nýja hluti. Það er gaman að hanga þar.

Gogoyoko er glænýr vefur. Hann á eftir að verða skilvirkari og öflugri með tímanum. Möguleikarnir eru miklir. Það er líklegt að vægi plötufrirtækja fari minnkandi í framtíðinni. Gogoyoko svarar því kalli. Vefurinn hefur líka meira aðráttarafli heldur en vefir sem eru eingöngu söluvefir. Ef hann nær fótferstu utan Íslands sem er klárlega markmiðið (vefurinn er á ensku og verðið í evrum) þá verður hann mjög öflugur markaðs- og kynningarvettvangur fyrir íslenska tónlist erlendis. Það er því mikið í húfi að vel takist til.

Það vakti athygli mína og gleði að á Gogoyoko er hægt að nálgast þrenna áður útgefna tónleika með Megasi og Senubjófunum. Eitt af því sem styrkir vefsölu er að bjóða upp á efni sem ekki er fánlegt annars staðar, t.d. tónleikaupptökur. Gogoyoko mætti hafa það í huga.

**MEGAS** Þrennir áður útgefna tónleikar með Megasi eru á meðal þess efnis sem hægt er að nálgast á Gogoyoko-vefsvæðinu.



## Svalur bak við trommusettið

Nígeríski trommarinn Tony Allen á að baki langan og litríkan feril meðal annars sem lykilmaður í hljómsveit Fela Kuti og sem meðlimur í The Good The Bad and the Queen við hlið Damons Albarn. Hann var að senda frá sér nýja plötu, Secret Agent. Trausti Júlíusson tékkaði á Tony.

„Án Tony Allen væri ekki til neitt afrobeat,“ sagði Fela Kuti um trommuleikarann sem spilaði með honum á öllum hans helstu plötum frá 1964 til 1980. Tony hefur víða komið við í tónlistinni síðan hann kvaddi Fela, en á nýju plötunni hans Secret Agent, sem kom út fyrir nokkrum vikum, heldur hann sig við afrobeat-ið.

### Lærði af Roach og Art Blakey

Tony Allen fæddist í Lagos árið 1940. Hann lærði á trommur með því að hlusta á plötur bandarískra djasstrommara á borð við Art Blakey og Max Roach. Hann hóf ferilinn snemma á sjöunda áratugnum með því að spila djass og highlife meðal annars með hljómsveitunum Cool Cats og The Nigeria Messengers. Foreldrar Tonys voru mótfallnir því að hann færi út í tónlistina, enda voru tónlistarmenn yfirleitt flokkaðir sem „betlarar eða eitthvað enn verra“ í Lagos á þessum tíma að sögn Tonys.

Árið 1964 var Fela Kuti að leita sér að trommuleikara og var búinn að prófa marga sem ekki stóðust væntingar hans þegar einhver mælti með Tony. Þeir byrjuðu á að spila djass í Fela Ransom Kuti Jazz Quartet, en stofnuðu Koola Lobitos árið 1965 og fóru þá að blanda djassinum við highlife. Upp úr þeirri blöndu þróaðist afrobeat-ið, en eftir að þeir fóru til Bandaríkjanna árið 1969 urðu áhrif fönk og soul-tónlistar áberandi í afrobeat-inu.



EINN SVALASTI TROMMARI SÖGUNNAR Tony Allen stjórnaði sjálfur upptökum á Secret Agent sem er hans ellefta sólóplata.

### Besti trommari allra tíma?

Brian Eno sagði einhvern tímann um Tony Allen að hann væri „líklega besti trommuleikari sögunnar“. Um það má auðvitað deila, en trommuleikarar Tonys var lykilatriði í því að móta afrobeat-ið og hann hafði mikil áhrif á marga trommuleikara sem á eftir komu. Mikilvægust voru flókin bassatrommumynstur sem voru nýjung hjá Tony. Þegar James Brown spilaði í Lagos árið 1970 var útsetjarinn hans látinn fylgjast sérstaklega með trommuleik Tony Allen. Tony spilaði inn á flestar lykilplötur Fela Kuti, en leiðir þeirra skildu árið 1980. Tony gerði sjálfur fjórar frábærar plötur á áttunda áratugnum með hljómsveit Fela, Afrika 70. Jealousy kom út 1975, Progress 1977, No Accommodation For Lagos 1978 og No Discrimination 1979. Plötuútgáfan Vampisoul endurútgaf þær saman á tvöföldum geisladiski nýlega undir nafninu Afro Disco Beat.

### Tilbrigði við sígilt afrobeat

Á nýnda áratugnum flutti Tony Allen til Parísar þar sem hann býr enn. Hann hefur haldið áfram að gefa út plötur undir eigin nafni, en

líka leikið með fjölmörgum tónlistarmönnum, m.a. Manu Dibango, Grace Jones, Groove Armada, Air og Charlotte Gainsbourg. Hann var stofnmeðlimur í The Good The Bad and The Queen ásamt Damon Albarn, Paul Simonon og Simon Tong og spilaði inn á samnefnda plötu sveitarinnar 2007. Hann heldur úti Africa Express ásamt Damon, en það er samstarfsverkefni afrískra og evrópskra tónlistarmanna.

Tony Allen stjórnaði sjálfur upptökum á Secret Agent sem er ellefta platan hans og sú fyrsta sem hann gerir fyrir World Circuit útgáfunna.

Með honum leika meðlimir úr tónleikabandinu hans. Um sönginn sjá nokkrir nígerískir söngvarar og söngkonur, en Tony sjálfur syngur tvö lög, Secret Agent og Elewon Po. Textarnir eru sumir í pólitískari kantinum, eins og venjan var hjá Fela Kuti. Tónlistin er í grunninn sígilt afrobeat, en þó með smá tilbrigðum, hljómborðsleikarinn Fixi spilar t.d. á harmóníku í nokkrum lögum. Secret Agent er flott plata sem hægt er að mæla með við alla afrobeat- og fönkaðadændur.

**HARRY POTTER LEIKURINN ER KOMINN!**

**SENDU SMS EST HARRY Á NUMERID 1900 ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

VINNINGAR  
 NÝIR OG GAMLIR HARRY POTTER LEIKIR  
 AÐRIR TÖLVULEIKIR - BIÓMÍÐAR Á HARRY POTTER  
 FULLT AF GOSI OG ÖÐRUM AUKAVINNINGUM

9. HVER VINNUR!

ELKO

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með þátttöku ertu kominn í SMS klúbb.

## Súpergrúppa vinnur að plötu

„Þetta er náttúrlega súpergrúppa. Safn úr Sykurmolunum, Utan-garðsmönnum og Brimkló. Það hét í gamla daga súpergrúppa,“ segir Þór Eldon, gítarleikari í hljómsveitinni Sigurlaug.

Athyglisverð skipan tónlistarmanna er í Sigurlaugu sem skáldkonan Didda fer fyrir. Þór Eldon, Danny Pollock, Haraldur Þorsteinsson og Þórdís Claessen. Þetta lið vinnur nú að plötu sem vænta má að komi út í haust. Þegar rýnt er í liðskipanina má sjá að hún er að uppistöðu fólk sem var áberandi á þónktímanum. „Nei, það er ekkert slökknáð í þónkglæðunum. En þetta er tímalaus tónlist sem við erum að vinna með,“ segir Þór – en Sigurlaug spilar blús, gamla standarda sem þrjónað er við og samdir við íslenskir textar. Stór partur af blúsnum hafa verið löng og tregablandin gítarsóló en ein af yfirlýs-

ingum þónkaranna var að gefa skít fyrir gítarsóló. „Það er rétt. En þau eru frekar stutt hjá okkur þótt við séum tveir gítarleikararnir. Og við köllum þau ekki sóló. Ekkert lag hjá okkur er lengt um mínútu til að koma sólóum að. En við snörum að sjálfsgöðu fram ríffum þegar svo ber undir. Enda byggir hinn upprunalegi blús ekki á sólóum heldur tregafullum sögum við undirleik. Við erum undirleikarar og Didda sér um sólóin,“ segir Þór sem leggur áherslu á að lögin séu flutt af ást og virðingu fyrir tónlistinni. Eins og þeir geta heyrt sem mæta á Rósenberg í kvöld.

-jbg

**DANNI, DIDDA OG ÞÓR Í SIGURLAUGU**  
 Gömlu þónkararnir spila blús án gítarsólóa eins og þeir geta heyrt sem fara á Rósenberg í kvöld.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





## KLEOPATRA KRISTBJÖRG, HÖFUNDUR BÓKARINNAR HERMIKRÁKUHEIMUR.

**Brot úr bókinni Hermikrákuheimur.**

Nú er kreppa þess vegna verður fólk að fara að hugsa upp á nýtt taka sig og sitt líf í gegn. Þessi bók hjálpar þér til þess.

### Í LAUSU LOFTI

Ráfa um í leit að engu.  
Heyri ekkert.  
Hef tapað sjón.  
Týnd í tómi.  
Tapað áttum.  
Rata ekki heim.

### ALLT SAMT EKKERT

Vera allt en samt ekkert.  
Veginn rata en villast samt.  
Ringlast um í tilgangsleysi  
Reyna að lifa lífið af.

Að lokum, þegar allt er búið,  
aftur hverfa í ekki neitt.  
Deyja dáin en þá opnast dyr.  
Dyrnar opnast en inn í hvað?

Þú munt biðja um það sem þú heldur að gefi þér gleði og hamingju en svo þegar þú færð það gefur það ekkert eða tekur allt. Gleðin kemur ekki íklædd holdi einhvers manns eða í ferðalögum erlendis né heldur einhverjum munaði. Hún kemur ekki í ljósum klæðum að utan. Gleðin kemur alltaf innan frá. Allt annað er gervigleði sem varir stutt og endar jafnvel illa.

Þú endar á blindgötu, brýtur umferðarreglurnar og leggur á flóttu! Flótti er aldrei lausn né leið! Flóttin endar alltaf illa, endar á lífsflóttu!

Það er engin lausn að fara úr einni neyslu í aðra, áfengi, eyturlyf eða öfgahópar, allt kemur þetta úr sama krananum. Öll vímuefni eða annarskonar víma veita stundarfro í óraunveruleika sínum en leysa engan vanda heldur búa hann til. Lítil vandamál vaxa og verða stærri og að lokum vaxa þér yfir höfuð. Þegar víman rennur af þér veistu að vandinn er enn til staðar og verður það alltaf! Hann verður þar, þar til þú leysir hann og þú leysir hann ekki í vímu. Hann vex í vímu þinni.

Réttið hjálparhönd, líka þeim sem skilja ekki hjálpina og vilja þess vegna ekki þiggja hana eða kunna ekki að meta hana.

## Það sem Kleopatra hefur að segja m.a.

**Kleopatra hvað áttu við þegar þú segir að rétta þeim hjálparhönd sem skilja ekki hjálpina?** Fólk er svo sjálfsefnt að það þolir ekkert, vill bara vera inn í bómull og gæla við sig. Vill láta aðra gæla við sig og sleikja sig en það hjálpar ekki neitt, það skaðar. Allir eru að slefa upp í eyrun á öllum til að fá það sama á móti og þá er allt bara blekking! Það hjálpar ekki að lifa í blekkingum. Enginn þorir að segja sannleikann ef hann er sár. Það hafa allir gott af því að líta í spegil en speglarnir á götunni ljúga! Þú átt að segja sannleikann eða eins og ég orða það, berja fólk. Berja með orðum! Það hjálpar og vekur fólk. Ef þér þykir vænt um manneskju þá lýgur þú ekki að henni heldur segir henni sannleikann og bara þannig getur manneskjan horfst í augu við sig og tekið á sínum göllum. Ef þú ert veik og ferð til læknis, þú lýgur því að lækninum að það sé eitthvað að þér í hálsinum og læknirinn einbeitir sér að hálsinum en á meðan springur botlanginn og þú deyrð. **Kleopatra eigum við að ganga í Evrópubandalagið?** Nei, það er engin lausn. Það er eins og að selja sálu sína. Ég aðhyllist ekki hugmyndafræði Hitlers! Ég veit við getum ekki lifað á krónunni, hún er ónýtt og höfum því miður ekki efni á því að vera sjálfstæð þjóð en það getur breyst. Allt er betra en að selja lögum og lúta lögum og reglum sem við erum samt á móti! Íslendingar eru villimannaþjóð, búinir að haga sér eins og villimenn og nautna sér í hel, þess vegna er ástandið eins og það er. Agaleysið og stjórnsleysisið algjört! Við ættum að taka Norðmenn okkur til fyrirmyndar. Ef við göngum í Evrópubandalagið lendum við bara í skelfilegu stríði! **Hvers konar stjórn er eiginlega í þessu landi?** Fyrirtæki eru að fara á hausinn og í hverju horni er grenjað vegna þess að okkur vantar gjaldeyri. En fólk er svo sjálfsefnt að það er að drepast úr nautnasýki, lætur allt eftir sér og heldur áfram að rúnka sér í hel og þjóðinni! Það má ekki rífa af þeim nammipokann! Verður alltaf að vera dótadagur, eru eins og vitleysingar, alltaf að nautna sér og leika sér! Stjórnlausir hálfvitar sem enda á botninum. Æðandi eirðarlausir út um allan heim (þannig er farið með gjaldeyrinn) og halda að þeir finni hamingju og frið með því en verða alltaf friðlausari og óhamingjusamari!

Það er gaman að fara út að dansa en samt er það varla hægt því ólifnaðurinn blasir alls staðar við. Dauðadrukkið fólk á veiðum að veiða sér bráð, bólfélag. Kynlífið er það nánasta sem til er en fólk stundar það með hinum og þessum sem það þekkir ekki neitt. Það er ekki meira mál en að drekka vatn! Dauðadrukkið hefur fólk enga dómgreind, vaknar daginn eftir við hliðina á ókunnugri manneskju og veit að í nótt runnu þau saman í eitt en man það varla og líkar ekki einu sinni við rekkjunautinn.

**Kleopatra getum við breytt lífi okkar til batnaðar? Já. Hvernig?** Breyta um forrit, skipta um disk í hausnum á okkur. Nú er hvort sem er allt í tölvutækuformi fólk er orðið í tölvutækuformi! Það er allt fullt af geðsjúklingum út um allt þannig að þeir fáu einstaklingar sem heilbrigðir eru geta ekki andað því loftið er eitrad. Glæpir, sóðaskapur og viðbjóður er veröldin! Það er erfitt að breyta þessu og Róm var ekki byggð á einum degi. Hver og einn getur breytt lífi sínu til batnaðar en til þess þarf að verða hugarfarsbreyting. Sjálfsefnt er undirbúið alls illis og henni þarf að útrýma, í staðinn þarf að efla náunga kærleikann. Guðstrú er nauðsynleg því ef fólk hefur enga Guðstrú þá brotnar það niður í lífinu. Fólk sem kemst áfram á óheiðarlegan hátt mun að lokum hrapa og jafnvel enda á botninum! Því hærra upp því hærra er að falla. Það er gott og gefandi að rétta öðrum hjálparhönd, láta gott af sér leiða. Ef við gerum það þá fer okkur að líða betur og líf okkar breytist til batnaðar. Að hugsa um aðra en elsku sig leiðir gott af sér því sjálfsefnt drepur fólk. Guð vinnur í gegnum fólk, við erum öll verkfæri Guðs og alltaf þegar við gerum eitthvað gott og fallet þá erum við að kveikja ljós í myrkrinu. Ljósíð launar í ljósi, gefur þeim sem kveikja ljós meira ljós. Líf okkar fer eftir breytninni. Ég vildi að ég gæti gefið öllum kærleika, kærleikur er ljós. Ég vildi að allir gætu gefið öllum kærleika þá myndi heimurinn breytast, lífið myndi breytast og verða betra. En kærleikurinn er sannleikurinn og það á að segja sannleikann líka þó hann sé slæmur og sár. Kærleikurinn er Guð og Guð er ást, hreinleiki og fegurð, hreint og fallett líf. Fólk á að standa saman í blíðu og stríðu þá liði öllum betur og allt yrði betra og bjartara. Það þarf að eyða hatri, grimmd og græðgi, öfund og afbrýðisemi. Við verðum að eiga góða vini en vinátta verður að vera sönn, trú og einlæg. Við verðum að breyta um lífsstíl en til þess þurfum við að hafa heilbrigða lífssýn. Til að öðlast andlegan og vitsmunalegan þroska þurfum við að vera vakandi en það eru flestir sofandi, eins og bifukollur úti á túni sem fjúka út um allt, láta berast með vindinum. Að vera í bulli og gleypa pillur við öllu er ekki að vera vakandi. Þá ertu ekki einu sinni lifandi! Erfiðleikar og þjáningar er það sem þroskar fólk en aumingjaskapur og sjálfsefnt kemur í veg fyrir þroskan, fólk gleypir bara pillur ef eitthvað er óþægilegt og verða af pillunum meiri aumingjar og lífið fer framhjá því fólk. Heimurinn er að farast vegna heimsku alls staðar eru talandi dæmi þess, hórómur og hégómi sýnir skort á viti en fólk fattar það ekki sökum heimsku. Konur eru orðnar litur, lakk og lím, allar eins, steyptar í sama mót. Enginn er natural lengur og það er orðið þreytandi að horfa á þær, allar með aflitað hár þannig að það er snjóhvítt og gervilegt eða litad kolsvart. Svo eru þær sem eru aldrei eins alltaf að skipta um lit og grímu. Þú heilsar konu í dag úti á götu og hún er ljóshærð svo hittir þú hana á morgun og þú þekkir hana ekki, þá er hún orðin dökkhærð. Karlmennt eru skárrí með þetta en verri með flest annað. Þeir haga sér eins og skepnur og kunna ekki að tríta konur. Það kemur sjaldan fyrir að ég sjái karlmann sem er karakter eða hefur sexappeal. Konur eru flottari þ.e.a.s. að við höldum en þær eru gervi og þá eru þær auðvitað ekki flottar. Með silikon brjóst og meira að segja neglurnar eru gervi. Að eltast við tiskuna er eitt af því heimskulegasta sem ég veit. Er það minnimáttar-kennd eða bara heimskan!? Kannski eru það bara hermikrákurnar í hermikrákuheiminum! En að vera hermikráka er að vera vitlaus.

★★★★★  
TV. Kvikmyndir.is  
„Dazzlingly well made...“  
Variety - 90/100  
„Hún var FRÁBÆRI!“  
New York Magazine - 90/100

**STÆRSTA BÍÓOPNUN ÁRSINS, YFIR 26.000 GESTIR**  
**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!**

★★★★★  
S.V. MBL  
★★★★★  
ROGER EBERT  
★★★★★  
ROLLING STONES  
★★★★★  
E.T. WEEKLY  
★★★★★  
TV. Kvikmyndir.is

**MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!**

**brüno**

SAMBIO ALFABAKKA	SAMBIO KRINGLUNNI
HARRY POTTER 6 tryggðu þér miða í tíma! kl. 2D - 4 - 5D - 7 - 8D - 10:10 - 11:10D	HARRY POTTER 6 kl. 3D - 5D - 8D - 10D - 11:10D
HARRY POTTER 6 kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 <b>Ófrá sæti laus</b>	BRUNO kl. 6D - 8D - 10:10
BRUNO kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 8:30 - 10:10 - 10:30	THE HANGOVER kl. 4 - 6 - 8
THE HANGOVER kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	HARRY POTTER 6 kl. 7 - 10
TRANSFORMERS 2 kl. 2	BRUNO kl. 8 - 10

**KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS**

**NÝTT Í BÍÓ!**

**FORSÝND Í KVÖLD!**

MYNDIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM...  
GAGNRÝNENDUR ERU Á EINU MÁLLI...

BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

**KARLAR SEM HATA KONUR**

★★★★★  
-V.J.V., FBL  
-P.P., DV  
-T.V., kvikmyndir.is  
-D.O.J., kvikmyndir.com

FRÁ LEIKSTYÐRA... THE NOTEBOOK  
abigail breslin cameron diaz  
my sister's keeper

ISÖLD 3  
HÍSAÆÐLUNAR BÓVA!

BALLS OUT

B13  
ULTIMATUM

THE HURT LOCKER

ICE AGE 3 3D ENSKT TALÁN TEXTA

ISÖLD 3 3D ISLENSKT TAL

ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL. TEXTA

ISÖLD 3 ISLENSKT TAL

TRANSFORMERS 2

TRANSFORMERS 2 LUXUS

SMÁRRÁ BÍÓ SÍMI 564 0000	HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919
KARLAR SEM HATA KONUR kl. 8 FORSYNING 16	KARLAR SEM HATA KONUR kl. 9 FORSYNING 16
KARLAR SEM HATA KONUR LUX kl. 8 FORSYNING 16	B13 - ULTIMATUM kl. 5:50 - 8 - 10:10 16
BALLS OUT kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 12	MY SISTERS KEEPER kl. 5:40 - 8 - 10:20 12
THE HURT LOCKER kl. 8 - 10:45 16	ISÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 5:50 - 8 L
ICE AGE 3 3D ENSKT TALÁN TEXTA kl. 11 D L	GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST kl. 5:40 7
ISÖLD 3 3D ISLENSKT TAL kl. 3:30 - 5:45 D L	ANGELS & DEMONS kl. 10:15 14
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/SL. TEXTA kl. 3:30 - 5:45 L	
ISÖLD 3 ISLENSKT TAL kl. 3:30 - 5:45 L	
TRANSFORMERS 2 kl. 8 - 11 10	
TRANSFORMERS 2 LUXUS kl. 5 - 11 10	

**REGNBÓGINN SÍMI 551 9000**  
**ÓDÝRT Í BÍÓ!**

**NÝTT Í BÍÓ**

LAUGARAS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

POWER SÝNING  
kl. 10:00

★★★★★  
TV. Kvikmyndir.is  
STÆRSTA KVIKMYNDA SÉRIÁ  
ALLRA TÍMA ER KOMIN Í BÍÓ!

★★★★★  
-O.P.I., Kvikmyndir.com

FLÖTTASTA HASARÍMYND  
SUMARSINS

★★★★★  
TV. Kvikmyndir.is

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

HARRY POTTER - POWER	kl. 4, 7 og 10	10
MY SISTERS KEEPER	kl. 8 og 10:15	12
ISÖLD 3 - ISLENSKT TAL	kl. 4	L
ISÖLD 3 - ISLENSKT TAL	kl. 4	L
TRANSFORMERS 2	kl. 7 og 10	10

SÝND MED ISLENSKU TAL!

# Vildi ekki flytja frá Flúðum

Sænska leikkonan Noomi Rapace er stödd hér á landi ásamt fjölskyldu sinni. Hún fer með hlutverk Lisbeth Salander í kvikmyndinni *Karlar sem hata konur*.

Sænska leikkonan Noomi Rapace fer með hlutverk Lisbeth Salander í kvikmyndinni *Karlar sem hata konur*, hún er nú stödd á Íslandi til að kynna kvikmyndina sem verður frumsýnd á morgun.

Noomi er Íslandi ekki alveg ókunnug því hún bjó ásamt móður sinni og íslenskum stjúpforeldrum á Flúðum í tvö ár og talar enn reiprennandi íslensku. „Ég var flest sumur hjá ömmu minni og afa á Flúðum sem barn og leit á sjálfa mig sem Íslending. Mér þótti mjög erfitt þegar við fluttum aftur til Svíþjóðar því mér leið best á Flúðum og langaði alls ekki að flytja þaðan. Ég man alltaf þegar amma keyrði mig á flugvöllinn eftir sumarvölina í sveitinni hvað ég var sár yfir því að þurfa að fara aftur heim,“ segir Noomi sem nú er búsett í Stokkhólmi ásamt eiginmanni og tveimur börnum. Eiginmaður hennar, Ola Rapace, er einnig leikari og fór meðal annars með hlutverk Daniels Nordström í þáttunum um Önnu Pihl. „Ég held að leikarar pari sig oft saman af því þeir skilja vinnu hvors annars svo vel. Þetta er nefnilega ekki venjuleg vinna, ég á það til dæmis til að koma heim í mjög þungu skapi eftir vinnu, enþá undir áhrifum frá hlutverkinu sem ég leik og þá skilur hann það og leyfir mér að vera í friði.“

Noomi segist reyna að nota eigin reynslu eftir fremsta megni í persónusköpun sinni og átti það einnig við persónuna Lisbeth Salander.



NOOMI RAPACE Leikkonan mun dvelja í viku á Íslandi og ætlar meðal annars að heimsækja æskulsóðirnar á Flúðum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það var stundum erfitt að leika Lisbeth því mér fannst eins og ég yrði hálf einangruð og stundum var eins og ég og hún sköruðumst og ég tók með mér heim vandamál hennar og eftir að hafa til dæmis leikið í nauðgunarsennunni þá fékk ég martraðir í marga daga á eftir. Það sem heillaði mig við Salander var hvað hún er sterk og mikil baráttumanneskja. Þrátt fyrir að vera fórnarlamb þá sér

hún sig aldrei sem slíkt og er ekki full sjálfvorkunar. En mér finnst skemmtilegast að leika hálf klinkaðar eða skrítnar persónur,“ segir hún og brosir. Noomi segist hafa óttast viðbrögð fólks við kvikmyndinni vegna vinsælda bókarinnar, „Það er alltaf erfitt að gera kvikmyndahandrit eftir skáldsögu, en ég vona að fólk sjái þetta sem sjálfstætt verk og njóti þess.“

sara@frettabladid.is

Selena

er flutt í Hæðasmára 4

í sama hús og Bílaopétek fyrir ofan Smáralind.

**30-50% afsláttur af PM kvenfatnaði**

**Undirföt, sundföt 25% afsláttur af völdum vörum**

Selena

Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355  
Opíó virka daga 11-18, laugard. 11-15  
www.selena.is

→ Uppistand

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Fimmtudagur 23. júlí 2009

→ Tónlist

20.30 Rammagerðin í Hafnarstræti býður upp á lífandi tónlist undir heitinu Iceland Giftstore Live. Fyrstur til að stíga á svið er Svavar Knútur.

21.30 Hljómsveitin Trúnó með Tómasi R. Einarssyni og Ragnheiði Gröndal spilar á Heitum fimmtudegi í Ketilhúsinu.

→ Myndlist

21.00 Belgíski uppistandarinn Lieven Scheire ásamt Rökkva Vésteinsyni og Sveini Waage á Batteríinu. Aðgangseyrir 1000 krónur. Uppistandið er á ensku.

22.00 Dóri DNA ásamt gestum á Prikínu. Frítt inn.

12.00 i8 gallerí sýnir verkið Doubling Back frá 2003 eftir Anthony McCall í Kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekku.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

**ALGJÖRT VERÐHRUN**

**60-90% afsláttur.**

**COSMO**  
Kringlunni

**TAX  
FREE  
DAGAR**



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI



 POP-UP



VERTU FYRSTUR AÐ  
TJALDA!

 POP-UP



VERTU FYRSTUR AÐ  
TJALDA!

**ÖLL  TJÖLD**

**ÁN VIRÐISAUKASKATTS**



**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út 3. ágúst 2009.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

20%  
AFSLÁTTUR  
AF ALLRI  
smávöru

# ALVÖRU ÚTSA



2 SÆTA SÓFI  
**49.980**

VERÐ ÁÐUR KR. 129.980

LIVORNO 2 sæta sófi. Elena grár.  
B:178 D:85 H:56 cm.



30%  
AFSLÁTTUR

BARSTÓLL  
**15.990**

VERÐ ÁÐUR: 23.980

MATHILDE barstóll, fæst í  
creme og svörtu leðri.



40%  
AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY  
**59.980**

VERÐ ÁÐUR: 99.980

RIALTO La-z-boy stóll. B:80  
D:90 H:150 cm.



50%  
AFSLÁTTUR



30%  
AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY  
**59.980**

VERÐ ÁÐUR: 119.980

HARBOR TOWN La-z-boy stóll.  
B:74 D:80 H:103 cm.

3 SÆTA SÓFI  
**179.980**

VERÐ ÁÐUR: 269.980

ALBION 3 sæta sófi, svart leður. B:232 D:91 H:71 cm.  
Fæst einnig 2 sæta. B:175 D:91 H:71 cm.

2 SÆTA SÓFI  
**149.980**

VERÐ ÁÐUR: 219.980

NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ: virka daga 10 – 18 • Laugardaga 12 – 18 • Sunnudaga 13 – 17



HEFST  
Í DAG

ALVÖRU  
AFSLÆTTIR

LA

70%  
AFSLÁTTUR

60%  
AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 850**

Boxdýna með tvöfaldri fjöðrun.  
Neðra gormalag 364 pokagormar á m<sup>2</sup>.  
Efra gormalag 261 stk. 5 svæðaskiptir  
SOFT-TOUCH pokagormar á m<sup>2</sup>.  
Blágrátt ytra áklæði á boxi.  
Bólstruð dýna með 25 mm  
latex beggja vegna.  
Yfirdýna með 40 mm Coolmax® áklæði.  
Fætur ekki innifaldir í verði.

BOXDÝNA 80/90X210 CM.

**79.980**

VERÐ ÁÐUR KR. 219.960

DOLPHIN borðstofustóll.  
Fæst í eik, hnotu og hvítur.

STÓLL  
**4.999**  
VERÐ ÁÐUR: 19.980

HILLUR  
**35.994**

VERÐ ÁÐUR: 119.980

NEO hillur, háglans hvítar.  
B:160 D:45 H:153 cm.

BORÐSTOFUBORÐ  
**79.980**

VERÐ ÁÐUR: 169.980

NEO borðstofuborð, háglans  
hvítt. B:90 L:180/240 H:76 cm.

50%  
AFSLÁTTUR

75%  
AFSLÁTTUR

## > Lið 12. umferðar Pepsi-deildar karla

Eftirtaldir leikmenn eru í liði umferðarinnar hjá Fréttablaðinu fyrir 12. umferð Pepsi-deildar karla.

**Markvörður:** Fjalar Þorgeirsson (Fylki). **Varnarmenn:** Andrés Már Jóhannesson (Fylki), Zoran Stamenic (Grindavík), Dennis Danry (Þrótti), Andrew Mwesigwa (IBV). **Miðjumenn:** Óli Baldur Bjarnason (Grindavík), Davíð Þór Víðarsson (FH), Rafn Andri Haraldsson (Þrótti), Haukur Páll Sigurðsson (Þrótti). **Framherjar:** Simun Samuelsen (Keflavík), Gunnar Örn Jónsson (KR).



**sport**  
sport@frettabladid.is

## PRÓTTARINN RAFN ANDRI HARALDSSON: ER LEIKMAÐUR 12. UMFERÐAR PEPSI-DEILDAR KARLA HJÁ FRÉTTABLAÐINU

# Purfum að halda áfram og byggja á sigrinum

Þróttar fundu taktinn svo eftir var tekið gegn Breiðabliki í Pepsi-deild karla á dögunum og unnu 4-0 stórsigur. Þetta var annar sigurleikur Þróttara í deildinni í sumar og kom þeim upp úr botnsætinu.

Miðjumaðurinn snjalli, Rafn Andri Haraldsson, átti frábæran leik með Þrótturum og hann vonast til þess að liðið sé nú komið á beinu brautina eftir heldur dapurt gengi framan af sumri í Pepsi-deildinni.

„Þetta var bara frábær leikur hjá okkur og það gekk nánast allt upp sem við gerðum, hvort sem það var varnarlega eða sóknarlega. Það voru líka nokkrir nýir leikmenn sem spiluðu vel fyrir okkur í leiknum og koma sterkir inn í þetta. Við vorum samt ekkert að spila fáránlega illa fram að þessum leik en við höfum samt verið að fá á okkur alltof mikið af mörkum og ekki verið að skora nóg. Það breytist sem betur fer í þessum leik og við vörðumst mjög vel sem lið, alveg frá fremsta manni til þess aftasta og náðum

að sækja hratt á þá og það er styrkur okkar. Við erum með hraða stráka fram á við og við þurfum að halda áfram og byggja á sigrinum,“ segir Rafn Andri ákveðinn.

Þróttarar mæta Stjörnunni í Pepsi-deildinni í kvöld en þeir eiga ekki góðar minningar úr fyrri leiknum gegn Garðbæingum í sumar sem endaði með 0-6 rassskellingu á Valbjarnarvelli.

Rafn Andri segir Þróttara ætla að mæta ákveðna til leiks í þetta skiptið, annað en þeir gerðu í fyrri leiknum. „Við ætlum klárlega að hefna fyrir það sem gerðist í fyrri leiknum. Við hefðum alveg eins getað sleppt því að mæta í þann leik, við vorum svo lélegir. Við eigum erfða leiki gegn Stjörnunni og KR í næstu leikjum en við verðum bara að halda áfram. Það geta allir unnið alla í þessari deild og þeir sem mæta betur stemmdir í leikina, þeir vinna þá,“ segir Rafn Andri.



**DAVÍÐ ÞÓR** Mun sáttari með leik FH liðsins í seinni leiknum gegn Aktobe en þeim fyrri.

Davíð Þór Víðarsson, FH:

## Skárri en slysið í fyrri leiknum

**FÓTBOLTI** Fyrirlíðinn Davíð Þór Víðarsson hjá FH segir að allt annað hafi verið að sjá til Íslandsmeistaranna í seinni leik liðsins gegn Aktobe í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar í gær, þrátt fyrir 2-0 tap. FH tapaði fyrri leiknum á Kaplakriavelli 4-0 og því samanlagt 6-0. „Þeir skorðu úr langskoti í fyrri hálfleik og markið þeirra í síðari hálfleik var greinilega ólöglegt vegna rangstöðu. Þeir voru vissulega meira með boltann en náðu ekki að skapa sér mikið af færum en við fengum ágætis færi til þess að skora. Matti Guðmunds átti til dæmis skalla í slá í fyrri hálfleik en inn vildi boltinn ekki og við erum kannski svekktir yfir því. Þetta var samt alla vega skárri núna en slysið í fyrri leiknum,“ segir Davíð Þór. - 6p

# Þetta verður golfsýning

Golfklúbbur Reykjavíkur fagnar 75 ára afmæli sínu með stæl og í tilefni af afmælinu verður Íslandsmótið í högguleik haldið á Grafarholtsvelli um helgina.

**GOLF** Við stefnum á að halda flottasta Íslandsmót sem haldið hefur verið. Það er því mikil spennan í loftinu,“ segir Margeir Vilhjálmsson, mótsstjóri Íslandsmótsins í högguleik sem hefst í dag. Mótið fer fram á Grafarholtsvelli og fyrstu kylfingarnir verða ræstir út kl. 8 í dag en leiknar verða 72 holur á fjórum dögum og Íslandsmeistarar í karla- og kvennaflokkum svo krýndir á sunnudag.

„Hér eru samankomnir allir bestu kylfingar landsins að Birgi Leif Hafþórssyni undanskildum en hann verður að keppa í Svíþjóð. Það er hins vegar enginn skortur á góðum kylfingum hér á landi og sjaldan eins og nú eigum við jafn stóran hóp góðra kylfinga. Þetta verður því golfsýning og það er búið að reyna að setja völlinn upp þannig að hann sé mjög sanngjarn og við í mótsnefndinni búumst við að sjá mjög góð skor. Ég á mér líka þá ósk heitasta að slegin verði vallarmet hér um helgina,“ segir Margeir.

### Stefnt á áhorfendamet

Margeir segir sérstaka áherslu vera lagða á að fá áhorfendur til þess að fjölmenna í Grafarholtið.

„Hugmyndin er að fólk geti komið og horft á mótið og gert líka eitthvað meira og við verðum með



**SIGURLAUNIN EFTIRSÓTTU** Íslandsmeistarar í karla- og kvennaflokkum verða krýndir á sunnudag og fram undan er hörð keppni bestu kylfinga landsins.

ýmsar uppákomur á meðan mótið stendur yfir. Við verðum með „lítið Íslandsmót“ á 6 holu golfvelli auk þess sem áhorfendum býðst að slá fría bolta í Básum til þess að æfa sig á meðan á keppni stendur á laugardag og sunnudag. Þá munum við koma fyrir risaskjá og einnig sérstökum áhorfendastúkum á vellinum, við teig á 1. holu og við grínið á 18. holu, þannig að fólk geti upplifað stemningu eins og menn sjá á mótum erlendis. Við

vonumst því til þess að fá í kringum 10 þúsund manns í Grafarholtið á þessum fjórum dögum og þó svo að einhverjir telji okkur eflaust vera bilada þá held ég að þetta sé raunhæft markmið. Það yrði líka frábært fyrir keppendurna ef fólk myndi fjölmenna og mesta viðurkenning sem Íslandsmeistari getur fengið ef þúsundir manna fagna honum þegar hann setur niður lokapúttið,“ segir Margeir að lokum. omar@frettabladid.is



**KOMINN ÚR BANNI** Auðun Helgason er með í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fram mætir Sigma í kvöld:

## Öflugur varnarleikur lykillinn

**FÓTBOLTI** Fram mætir Sigma Olomouc frá Tékklandi öðru sinni í kvöld í Evrópu deild UEFA. Leikurinn hefst klukkan 19 á Laugardalsvelli en Safamýrarliðið er í finni stöðu eftir 1-1 jafntefli í Tékklandi.

„Við þurfum að eiga algjöran toppleik til að komast áfram,“ segir Auðun Helgason, fyrirlíði Fram. „Það er algjört lykilatriði í þessum seinni leik að við verðum með öflugan varnarleik. Leikurinn verður líklega þannig að Sigma verður með knöttinn lungann af leiknum og við verðum að koma í væg fyrir að þeir komist í skotfæri.“

Auðun hefur verið í leikbanni í Evrópu leikjum Fram hingað til en hefur nú aflánað það og verður með í kvöld. „Það var náttúrulega frábært að sjá hve vel liðið spilaði í Tékklandi. Það er enginn sem gerir kröfu á okkur að komast í næstu umferð svo menn ættu að mæta nokkuð afslappaðir í þennan leik,“ segir Auðun Helgason. - egm

# VEIÐIDAGAR

Fimmtudag til sunnudags er  
**20% afsláttur**  
af öllum flugustöngum, hjólum,  
kaststöngum og stangasettum.

**ROSS WORLDWIDE** flugustangir voru valdar Bestu Kaupin í Fly Fish America Magazine og besta stöngin í Fish & Fly Magazine 2008.

Kaststangir frá hinum þekktu framleiðanda **SHIMANO** í mörgum verðflokkum. Gott tækifæri til að gera góð kaup.

**Veiðideildin er í Glæsibæ!**



**BARÁTTA** Það var mikið undir í toppbaráttuleik Stjörunnar og Breiðabliks í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna

Stjarnan-Breiðablik 1-2  
0-1 Sandra Sif Magnúsdóttir (27.), 1-1 Ásgerður S. Baldursdóttir (83.), 1-2 Sandra Sif (90.+2).  
Valur-ÍR 8-0  
1-0 Katrín Jónsdóttir (26.), 2-0 Krísín Ýr Bjarnadóttir (34.), 3-0 Krísín Ýr (41.), 4-0 Krísín Ýr (46.), 5-0 Krísín Ýr (58.), 6-0 Sif Atladóttir (87.), 7-0 sjálfsm. (88.), 8-0 Margrét Magnúsdóttir (90.).  
Fylkir-Afturelding/Fjölnir 2-2  
1-0 Danka Podovac (34.), 1-1 Sigríður Þóra Birgisdóttir (48.), 2-1 Ruth Þórðardóttir (70.), 2-2 Ásta Sigrún Friðriksdóttir (88.).

### 1. deild karla

Þór-KA 3-2  
1-0 Matthías Örn Friðriksson (9.), 2-0 Einar Sigþórsson (24.), 2-1 David Diszt (26.), 2-2 Dean Martin (71.), 3-2 Ármann Pétur Evarsson (89.).  
Leiknir R-ÍA 1-1  
1-0 Gunnar Einarsson (60.), 1-1 Gísli Freyr Brynjásson (73.).



Golfklúbburinn Teigur og  
Icelandair American Express  
kynna:

GOLFKLÚBBURINN  
**TEIGUR**  
www.teigur.is

# Litla Íslandsmótið í golfi

**FYRIR  
ALLA!**

á Grafarkotsvelli við Bása  
23. - 26. júlí 2009.

6 holu mót fyrir alla sem vilja.  
Verðlaun í flokki barna og  
fullorðinna eru bikarar.

Öll önnur verðlaun verða  
dregin úr skorkortum  
keppenda sem þýðir að  
það skiptir ekki máli  
hversu góður kylfingur  
þú ert - allir eiga  
möguleika á  
glæsilegum vinningum  
eins og:

Boltakort í Básun,  
fjölskylduveislur frá KFC,  
máltíðir á Taco Bell,  
bíómiða í Laugarásbío  
o.fl o.fl.



Þátttökugjald er kr. 1.000 fyrir  
einn hring. Má spila eins  
marga hringi og kylfingar vilja.

Meðlimir Icelandair  
American Express  
greiðslukorta, félagar  
í Icelandair Golfers og  
golfklúbbnum Teigi fá  
2fyrir1. Upplagt að spila  
2 hringi eða taka með  
sér gest.

Innifalið í þátttöku-  
gjaldinu er Draumapúttið  
og fríboltar í Básun.

Allar upplýsingar um  
vinningshafa verða settar  
inn á [www.teigur.is](http://www.teigur.is)

## Draumapúttið í boði Icelandair Golfers

Þú greiðir kr. 500 og færð 3 tilraunir til  
að hitta af löngu færi. Allir sem hitta  
Draumapúttið fara í pott og í verðlaun  
er ferð fyrir 2 með Icelandair.  
Nafn vinningshafa verður birt á [www.teigur.is](http://www.teigur.is)

### Mótið fer fram:

fimmtudaginn 23. júlí frá kl. 12 - 18.  
föstudaginn 24. júlí frá kl. 12 - 18.  
Laugardaginn 25. júlí frá kl. 10 - 18.  
Sunnudaginn 26. júlí frá kl. 10 - 18.



## &gt; Balthazar Getty

„Lífið varð gott þegar ég fór að græða peninga.“

Balthazar Getty leikur í þáttunum *Bræður og systur* í Sjónvarpinu kl. 19.35



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELISABET BOGADÓTTIR ER FÖST Í INNIVINNU

### Pökkum fyrir tónlist á heitum dögum

Það er algjörlega galið að eyða miklum tíma í sjónvarpsgláp á heitum og fallegum sumarhöfðum. Þetta hefur líklega komið fram í langflestum pistlum sem birst hafa á þessum stað síðustu vikurnar, og verður tíma og plássi því ekki eytt í svoleiðis raus hér og nú.

Það sem gleymist oft í allri umræðunni um góða veðrið og sumarið er að það er alls ekki allir sem eiga þess kost að njóta blíðunnar. Það er fullt af fólki, ég er þar með talin, sem er fast innandyra stærstan hluta dagsins. Að vísu gefast örfáar mínútur yfir daginn þar sem hægt er að skreppa út, ná nokkrum sólargeislum og gráta í leiðinni þau örlög að ekki sé hægt að nota tölvur úti í sólskini. En það er ekki mikið meira. Veðurguðirnir virðast líka oft gera vinnandi fólkinu þann óleik að um leið og líða fer á daginn lætur sólin sig hverfa og skýin taka völdin.



En hvað er þá til ráða svo að fólk sem ekki fer í sumarfrí haldi geðheilsunni í hitanum? Fyrir þetta fólk getur góð tónlist skipt höfuðmáli. Það er nánast sama við hvað er unnið, það á að vera hægt að kveikja á góðri útvarpsstöð í tölvunni, að minnsta kosti í smástund. Ég hef fulla trú á því að það auki afkastagetuna til muna.

En ef útvarpsstöðvarnar eru ekki nægilega duglegar að spila bara sumarlega og skemmtilega tónlist er ekkert mál að fara bara á Netið, gúggla „summer songs“ eða eitthvað álíka, og finna sér svo einhvern góðan spilara sem leyfir manni að hlusta á lög að vild. Sérstaklega er hægt að mæla með lögum sem innihalda orðin summer, sun og surf. Það þarf samt að passa að hlusta ekki um of á textana heldur einblína á hressleikann, því annars verða lögin um frí, sumar, sól og allt það bara þunglyndisvekjandi þegar það er alls ekkert von á neinu fríi.

## FIMMTUDAGUR



▶ 18.00 Open Season STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 18.30 Hvaða Samantha? SJÓNVARPIÐ



▶ 19.30 Matarklúbburinn SKJÁR EINN



▶ 19.45 Stjarnan - Þróttur Bein útsending STÖÐ 2 SPORT



▶ 21.40 Eleventh Hour STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

16.10 Meistaramót Frjálsíþróttasambands Íslands (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Nám og vinna Barnamynd frá Jórdaníu (e)

17.45 Tómas og Tím (10:16)

18.00 Stundin okkar (e)

▶ 18.30 Hvaða Samantha? (2:15) (Samantha Who?) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er.

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Bræður og systur (46:63) (Brothers and Sisters III)

20.20 Fréttir aldarinnar 1972 - Einvígi aldarinnar í Reykjavík.

20.30 Fréttir aldarinnar 1972 - Landhelgin færð út í 50 mílur.

20.45 Fé og freistingar (11:23) (Dirty Sexy Money 2) Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tók við af pabba sínum sem lögmaður auðugar fjölskyldu í New York og þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar, ólöglegum jafnt sem löglegum.

21.30 Trúður (Klovn II) (e)

22.00 Tíufréttir

22.25 Nýgræðingar (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrúlegar uppkomur sem hann lendir í.

22.50 Afríka, ástin mín (3:3) (Afríka, mon amour) (e)

00.20 Dagskrárlok

## BÍÓ

08.00 Shoppirl

10.00 Open Season

12.00 We Are Marshall

14.10 No Reservations

16.00 Shoppirl

▶ 18.00 Open Season

20.00 We Are Marshall

22.10 Target

00.00 Alzheimer Case (De Zaak Alzheimer)

02.00 Breathtaking

04.00 Target

06.00 Nacho Libre

## STÖÐ 2

07.00 Barnaefni: Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaæðlan, Elias, Íkomastrákurinn

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 Doctors (13:26)

10.00 Doctors (14:26)

10.30 Sjálfstætt fólk

11.05 New Amsterdam (3:8)

11.50 Gossip Girl (11:25)

12.35 Nágrannar

13.00 Hollyoaks (239:260)

13.25 Wings of Love (107:120)

14.10 Wings of Love (108:120)

14.55 Ally McBeal (11:21)

15.45 Barnaefni: Nonni nifteind, Bratz, A.T.O.M., Elias

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (22:23) Monica og Chandler komast að því að þau muni að öllum líkindum ekki geta getið barn náttúrulega og fara því að leita sæðisgjafa.

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons

19.45 Two and a Half Men (12:19)

20.10 Hell's Kitchen Gordon Ramsay er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvörueitingahúsi.

20.55 The Mentalist (23:23) Patrick Jane á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeytta athyglisgáfu sína.

▶ 21.40 Eleventh Hour (2:18) Dr. Jacob Hood er edlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísdalegrar úrlausnar. Það er jafnan allra síðasta úrræðið að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.

22.25 You Only Live Twice Aðalhlutverk: Sean Connery, Donald Pleasence og Mie Hama.

00.20 Lie to Me (5:13)

01.05 V for Vendetta

03.15 Avenger

04.45 The Mentalist (23:23)

05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

16.55 PGA Tour 2009 - Hápunktur Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

17.50 Inside the PGA Tour 2009 Skyggst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni.

18.15 Pepsímörkin 2009 Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttarfréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

19.15 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

▶ 19.45 Stjarnan - Þróttur Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla.

22.00 Pepsímörkin 2009 Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttarfréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

23.00 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen og fleiri sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

23.50 Stjarnan - Þróttur Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.

01.40 Pepsímörkin 2009

## SPORT 2

enski boltinn

07.00 Club America - AC Milan Útsending frá leik Club America og AC Milan.

17.20 Thailand - Liverpool Útsending frá leik Taílands og Liverpool.

19.00 Chelsea - Inter Útsending frá leik Chelsea og Inter í World Football Challenge.

20.40 Premier League World 2009/10 Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

21.10 Club America - AC Milan Útsending frá leik Club America og AC Milan.

22.50 Season Highlights 2003/2004 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

23.45 Chelsea - Arsenal, 2000 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

00.15 Everton - Liverpool, 2000 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi Max TV

07.30 Monitor (5:8) (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Pepsi Max TV

12.00 Monitor (5:8) (e)

12.30 Pepsi Max TV

17.30 Rachael Ray

18.15 America's Funniest Home Videos (3:48) (e)

▶ 18.40 Greatest American Dog (6:10) (e)

▶ 19.30 Matarklúbburinn (5:8) (e)

Að þessu sinni matreiðir Hrefna Ýsu og reykt Ýsu með nýjum íslenskum kartöflum, lambaskanka með heimalögðu hrásalatí og linsubaunabollur og brokkolí.

20.00 All of Us (15:22)

20.30 Everybody Hates Chris (9:22)

21.00 Family Guy (8:18)

21.25 Van Wilder Van Wilder er letingi af guðs náð sem er búinn að eyða sex árum í menntaskóla og hefur ekki í hyggju að útskrifast á næstunni. Það verða Van Wilder því mikil vonbrigði þegar faðir hans neitar að borga sjúnda skólaárið og setur honum þannig tvo afarkosti. Annaðhvort verður hann að útskrifast eða safna sjálfur fyrir skólagjöldunum og sjá þannig til þess að veislan haldi áfram. Aðalhlutverkin leika Ryan Reynolds og Tara Reid.

23.00 Penn & Teller: Bullshit (28:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.

23.30 Britain's Next Top Model (4:10) (e)

00.20 CSI (9:24) (e)

01.10 Painkiller Jane (22:22) (e)

02.00 Pepsi Max TV

## INN

20.00 Hrafnaping Umsjón Ingva Hrafn Jónssonar.

21.00 Útvegurinn Umsjón: Sigurður Sveinn Sveinsson.

21.30 Maturinn og lífið Fritz M. Jörgenson spjallar við Langa Sela, Axel Hallkel Jóhannesson, leikmyndahönnuð og tónlistarmann um matinn, lífið og líðandi stund.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# Á FERÐALAGI

24.-25. JÚLÍ Í FJARÐABYGGÐ

FÖSTUDAGUR:

Í bítið  
Ívar Guðmunds  
Rúnar Róberts  
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí strax  
að loknum hádegisfréttum

# BYLGJAN

## á ferðalagi

Fjarðabyggð næstu helgi!

BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

BYLGJAN

olis

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Hell's Kitchen

Tveir kokkar undirbúa úrslitakvöld-verðinn, vitandi það að annar þeirra verður krýndur sigurvegari fjórðu þáttaraðar Hell's Kitchen. Sigurvegarinn hlýtur stöðu yfirmatreiðslumanns og 250.000 Bandaríkjadali í verðlaun. Gordon Ramsay á erfitt val fyrir höndum og víst að hvert smáatriði verður að vera á hreinu hjá kokkunum ungu.



VIÐ MÆLUM MED

Trúður

Sjónvarpið kl. 21.30

Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper og líf þeirra. Í þáttunum er blandað saman fantasíu og veruleika og flestar persónurnar bera nöfn leikaranna sem leika þær. Þættirnir eru gerðir í heimildarmyndastíl en húmorinn í þeim rambur oft á barmi velsæmis og fer að sumra mati stundum vel yfir þau mörk. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.03 Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
06.50 Bæn	15.25 Gullmolar úr safninu
07.03 Morgunfrúin - heldur áfram	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.10 Veðurfregni
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.11 Morgunstund með Ellen Kristjánsdóttur	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregni
10.13 Litla flugan	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpstöðva
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	23.00 Útvarpsperlur: Ég dansa með sálinni
13.00 Á sumarvegi	00.07 Nærtúrnar
14.03 Andrarímur	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (238:260)
- 17.15 Hollyoaks (239:260)
- 17.40 The O.C. 2 (4:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi.
- 18.25 Seinfeld (12:24)
- 18.45 Hollyoaks (238:260) Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi.
- 19.15 Hollyoaks (239:260)
- 19.40 The O.C. 2 (4:24) S
- 20.25 Seinfeld (12:24)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.20 Ísland í dag
- 21.40 The Loop (6:10) Sam er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Líf hans verður oft ansi óviðráðanlegt þar sem yfirmaður hans er brjálæðingur og gerir óðlilegar kröfur til hans í vinnunni. Heimilisaðstæðurnar eru einnig nokkuð skrautlegar þar sem hann býr með bróður sínum og tveimur vinnumum og vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við.
- 22.05 Gossip Girl (24:25)
- 22.50 The Closer (13:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.
- 23.35 Monarch Cove (6:14)
- 00.20 In Treatment (10:43)
- 00.50 Sjáðu
- 01.20 The Loop (6:10)
- 01.45 Fréttir Stöðvar 2
- 02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Hero 12.30 Blackadder Goes Forth 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Hero 15.15 Blackadder Goes Forth 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 Blackadder Goes Forth 19.00 Coupling 19.30 Little Britain 20.00 Dalziel and Pascoe 20.50 Coupling 21.20 Little Britain 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Dalziel and Pascoe 23.55 Coupling

DR 1

11.30 Politiskolen 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.20 En hund efter mad 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolddomsæskjen 15.30 Fandango med Rebecca 16.00 Supernabo 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 En Kongelig Familie 18.00 Den store dag 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVejret 19.35 Aftentour 2009 20.00 Landsbyhospitalet 20.50 De sorte fugle 22.25 Så er der pakket 22.50 Seinfeld

NKI

11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svisj gull jukeboks 13.45 Tí kniver í hjertet 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Månebjørn 16.15 Bernt og Erling på nye eventyr 16.20 Rørr Racerbil 16.30 Frøken Fridas helsprø eventyr 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ei kaldblodig verd 18.20 Der fartøy flyte kan 18.50 Smilehullet 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 Partydronninger 21.00 Kveldsnytt 21.15 Den mistenkte 22.50 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 23.20 Ekstremvær jukeboks

SVT 1

11.05 Flytlasset går 12.00 Pistvakt 12.30 Sjukan 13.00 Sommarkväll med Anne Lundberg 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Geocentrum 15.25 Färöponnyn - den färöiska hästen 15.55 Anslagstävian 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Vildmark fiske 16.45 Hemliga svenska rum 17.00 Beruffsens pengabinge 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Packat & klart sommar 18.30 Mitt i naturen 19.00 Friidrottskväll 19.30 Spioner på riktigt. Fallet Litvinenko 21.15 Uppdrag granskning - sommarspecial 22.15 Kriminaljouren 23.00 Sändningar från SVT24

# Vinsælasta grillkjötið frá Ali



KRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR



LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR Í BARBEQUE SÓSU



LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR



Góð léttsósa með grillinu - ekkert er betra!



Veldu Ali á grillið



„Ef ég fer ekki á æfingu í morgunmaturinn, þar sem próteinsjeik væri þá morgunmatur eftir æfingu, þá reyni ég yfirleitt að fá mér hafragraut með rúsinum, kanil og sojamjólk. Hann endist hrikalega vel. Kaffibollni myndi mjög líklega fylgja fast á eftir.“

Hrund Ósk Árnadóttir söngkona.

# Einar Bárðarson stofnar útvarpsstöð

„Ég rak útvarp á Selfossi á sínum tíma. Jólautvarp. En ég veit ekki hvort það telst með. Sennilega ekki. En ég er með fólk með mér sem kann betur á þetta,“ segir sjálfur Einar Bárðarson athafnamaður. Hann er að fara að hleypa af stokkunum nýrri útvarpsstöð sem heitir Kaninn – staðsett á Keflavíkurflugvelli, svæði sem fengið hefur nafnið Ásbrú. Hlustunarsvæðið verður suðvesturhornið til að byrja með en Einar hefur komið höndum yfir tvö þúsund watta sendi. Kaninn vísar að sjálfsögðu til forverans, útvarps sem bandaríska setuliðið rak og hafði svo mikil áhrif á poppsöguna íslensku. Að sögn Einars verður hin nýja útvarps-

stöð í anda gamla Kanans en með íslenskum röddum. Þá standa yfir samningaviðræður við Ríkisútvarpið um útsendingar á helstu fréttatímum og segir Einar sér mikinn heiður sýndan með því trausti, finnst flötur á því.

„Það er gaman að prófa eitthvað nýtt. Nú hef ég rekið skemmti-staðinn Officera-klúbbinn í hálf tveimur árum og þetta liggur vel



með þeim rekstri. Og ýmsar hugmyndir uppi um hvernig má skírskota til þess,“ segir Einar. Farið verður af stað með tilraunasendingum um miðjan ágúst en formleg dagskrá hefst 1. september. Tíðnisvið-

**EINAR BÁRÐARSON**  
Undirbýr nú stofnun nýrrar útvarpsstöðvar - Kanans, sem verður alfaríð í eigu hans og staðsett á Keflavíkurflugvelli.

ið og hverjir koma að málum, til dæmis dagskrágerðarfólk, verður kynnt eftir verslunarmannahelgi. Einar er ófáanlegur til að gefa upp nöfn, segir þau stór en ekki sé hægt að gefa þau upp að svo stöddu. Þar er um að ræða fólk sem er í vinnu annars staðar sem stendur. Einar einn á stöðina, enginn annar kemur að fjármögnun. „Hver í ósköpunum ætti það svo sem að vera? Eru ekki allir í jafn miklu tjóni?“ hlær Einar ískrandi hlátri. Og segir að með nýrri tækni sé nú ódýrara áður að koma upp einu stykki útvarpsstöð. „En þetta kostar,“ segir hann spurður hvað hann þurfi að þunga út miklu fé til að koma heilum fjölmiðli á fót.

- jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. fjármunir, 6. úr hófi, 8. blaður, 9. ot, 11. hljóta, 12. titill, 14. fótmál, 16. upphrópun, 17. frjó, 18. auð, 20. hreyfing, 21. svári.

## LÓÐRÉTT

1. tind, 3. org, 4. freðmýri, 5. forsögn, 7. fyrirhyggja, 10. tæfa, 13. hluti verkfæris, 15. ala, 16. pota, 19. sjúk-dómur.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. topp, 3. óp, 4. stíffni, 5. spá, 7. forsjón, 10. tæk, 13. orf, 15. fæð, 16. óta, 19. ms.

LÁRÉTT: 2. göss, 6. of, 8. pífa, 9. pot, 11. fá, 12. próf, 14. skref, 16. of, 17. fræ, 18. tórn, 20. íd, 21. ansi.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tólf.
2. Árið 1990.
3. Ómar Ragnarsson og Einar Vilhjálmsson.

**Pú kemst fljótt að!**  
...en þú getur líka pantað tíma

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 551 3010**



TUTTUGU ÁRUM SÍÐAR Katla kalda, lag Mosa frænda og Þorsteins Joð, átti skuggalegum vinsældum að fagna árið 1988. Hér eru þrír af fimm meðlimum sveitarinnar sem ætla að rifja upp gamla takta á Grand Rokki um miðjan næsta mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BJÖRN GUNNLAUGSSON: KATLA KALDA RIFJUÐ UPP Á GRAND ROKKI

# Grár Mosi frændi gólar

„Við sórum þess dýran eið, þegar bandið hætti og við 19 ára gamlir, að ef einhver tíma yrði um „comeback“ að ræða yrði það ekki fyrr en við værum fertugir, digrir og sköllóttir, frekar daprir að sjá að rifja upp liðna tíma. Og viti menn! Það erum við nú og aldrei betri. Enda vorum við frekar lélegir,“ segir Björn Gunnlaugsson meðlimur í hinni fornfrægu hljómsveit Mosi frændi.

Mosi frændi er hljómsveit sem sló rækilega í gegn árið 1988 með laginu Katla kalda. Ekkert lag átti meiri vinsældum að fagna það árið nema ef vera skyldi Deus með Sykurmolunum. Mosi frændi er það sem heitir „one hit wonder“ því hljómsveitin hætti fljótlega eftir að hún sló í gegn en hún var skipuð sex nemendum við MH. Nú stendur til að koma saman rúmum tuttugu árum síðar á Grand Rokki 13. ágúst næstkomandi. Og stórstjörnur heiðra Mosa frænda með

nærveru sinni: Þorsteinn Joð fjölmiðlastjarna kemur fram sem og þeir Felix Bergsson og Páll Óskar. „Pakkað stjórn,“ segir Björn.

Þorsteinn Joð tengist hljómsveitinni sterkum böndum og kom að málum þegar Katla kalda varð til. Hann var þáttgerðarmaður á Bylgjunni og blaðamaður á DV á þeim tíma. „Hann kom á tónleika með okkur, heillaðist mjög og sló okkur upp með heilsíðugrein um þetta stórmerka fyrirbæri sem Mosi frændi er; lærða úttekkt og bókmentalega greiningu á textum. Svo varðandi tilurð þessa lags þá var hann í útvarpsþættinum að fjalla um það hvað dægurlaga-textagerð væri á lágu plani, sem hún var 1988, og fékk hlustendur til að semja með sér týpískan klisjuþopptexta í beinni. Ég heyrði þetta, var að hlusta á þáttinn hans, tók upp símann, kynnti mig sem Bjóssa í Mosa frænda og bauðst til að semja lag við sem hann tók

fagnandi. Við komum svo í þáttinn og spiluum lagið. Það vakti mikla athygli og Páll Þorsteinsson [þá útvarpsstjóri Bylgjunnar] rétti okkur óútfylltan tékka, við fórum í stúdíó og gáfum þetta út á plötu. „Success“ saga sumarsins,“ segir Björn og lýgur engu um að varla mátti opna fyrir útvarpið þetta sumarið án þess að heyra þetta lag. Björn þvertokur ekki fyrir að í upphafi hafi laginu verið smyglað inn á vinsældalista en svo varð ekki aftur snúið. „Það byrjaði í fertugasta sæti en var viku síðar komið í 18. sæti og var á lista allt sumarið.“

Þegar hljómsveitin hætti héldu meðlimirnir hver í sína áttina. Og enginn þeirra hefur skráð nafn sitt feitu letri í poppsöguna. Á endurkomutónleikum eru upprunalegu félagarnir utan einn sem er bundinn við starf sitt sem háskóla- prófessor í Kanada.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Forvitnileg frétt var í Mogga í gær um nýja plötu frá Sverri Stormsker en meðal þeirra sem koma við sögu eru þeir Pétur Kristjánsson og Rúnar Júlíusson sem báðir eru fallnir frá. Helstu samstarfsmenn

Sverris við gerð plötunnar eru svo Idolstjörnur Snorri Snorrason og **Kalli Bjarni**.

## Annar sem syngur á plötu

### Sverris Stormskers

er Stefán Hilmarsson sem er athyglisvert í ljósi heiftarlegrar ritdeilu sem þeir áttu í fyrir um ári þar sem ásakanir flugu í greinunum

„Hver kom Stormsker á framfæri?“, „Bitur böngusmiður á skítadreifara“ og „Ambögusmiður í afneitun“. Sverris líkti rödd Stefáns við Mikka mús og vildi að Stefán væri bragfræði svo textagerðin væri ekki sem eftir hrímaðan fimm ára gamlan fæðingarálfvíta. Stefán sagði hroðvirkni alla tíð hafa einkennt verk Sverris.

Það að Stefán Hilmarsson muni syngja á plötu Sverris verkast þó ekki þannig að Stefán mæti í stúdíóið til síns forna fjanda. Sjálfur mun Stefán, sem varð forviðna við að heyra að hann ætti framlag á nýrri plötu Sverris, telja að þarna sé um að ræða

hljóðupptökur þegar Sverris tók upp lag sem hann gerði sjálfum sér til stuðnings þegar bústaður brann ofan af honum fyrir um fimm árum. Þá hóaði Sverris í hina og þessa; Rúnar, Stefán og fleiri sungu „Hjálpum þeim“-lag en ágóðinn rann til Sverris sjálf.

- jbg

# Jónsi og Alex með kokkabátt

Tónlistartvíeykið Riceboy Sleeps, Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi, og Alex Somers birtu nýlega matreiðslubátt á heimasíðu sinni, jonsiandalex.com. „Við erum alltaf eitthvað að grufla í mat og stanslaust að gera eitthvað. Okkur fannst það bara svolítið myndi að gera bátt,“ segir Jónsi. Í þættinum kenna þeir áhorfendum að búa til „Macademia Monster Mash“, mauk úr makadamíuhnetum, parsley, sítrónusafa, hvítlauk og vatni, með salti eftir smekk. Maukið er svo sett í tómat og chilipipar.

Uppskriftin er tekin úr matreiðslubók þeirra féлага, The Good Heart, sem nú er birt á Netinu á sömu síðu. Bókin var upphaflega búin til í fimmtíu eintök-



**MARGT TIL LISTA LAGT** Alex og Jónsi hafa sýnt landsmönnum gáfur sínar í tónlist og myndlist en nú bætist matargerðarlistin við.

um sem jólagjöf handa vinum og vandamönnum árið 2007. Þar má finna uppskriftir að Góðan daginn,

„super smoothie“, kókos- og karrírétt, „Regnboga“-núðlu- misosúpu og rjómaðri spinatídyfu svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru nokkrar eftirréttar-upskriftir í bókinni, svo sem valhnetu- og súkkulaðifudge, epla- og jarðarberjabökur og „besta súkkulaðimjólkin“. Áhugasamir geta hlaðið niður bókinni í pdf-sniði.

Þeir Alex eru miklir áhugamenn um mat. „Við erum „certified raw food chefs“ (gjaldgengir hrámatarkokkar), við erum með skírteini upp á það og allt. Við fórum á námskeið þegar við vorum á Havaí.“ Verða þá fleiri þættir? „Já, það eru fleiri á leiðinni. Við erum búnir að taka fjóra stutta búta núna. Það er bara gaman að hafa eitthvað annað en tónlist.“

- kbs

# GLÆNÝ STÓRLÚÐA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# SUMARMARKAÐUR

VIÐ KLÁRUM SUMARVÖRUMAR  
FRÁBAER VERÐ

bolir  
skyrtur  
buxur  
kvalt buxur  
zip off buxur  
flís peysur  
softshell peysur  
regnbuxur  
regnjakkar  
isotex buxur  
isotex jakkar  
bakpokar  
svefnpokar  
skór  
sokkar  
ofl. ofl.

**Regatta**   
GREAT OUTDOORS™

OPIÐ

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 11 – 16

# ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550



Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BAKPANKAR**  
Dr. Gunna

## Karamellu- sumar

Fyrst eftir að blekkingin um góðærið varð lýðnum ljós var uppi sterkt ákall um alveg glænýtt Ísland. Þetta var frjótt tímabil, á yfirborðinu alla vega. Það var sjokk að sjá að allt það versta sem haldið hafði verið fram um ömurlegt ástand undirstaðanna var sannleikur þrátt fyrir að alls konar lið hefði haldið því blákalt fram að ekkert væri að. Framtíðin var óljós og óörugg, allt upp í loft, og það var bæði ógnvekjandi og spennandi.

**GAMLA** módelið var komið í klessu og alls konar gáfufólk var að pæla í nýjum ferskum möguleikum. Gamla fúla samtryggingin og spillingin átti sko aldrei að fá að vaða uppi á ný og sveitt gróðahyggja grillmeistaranna skyldi víkja fyrir samfélagslegri ábyrgð.

**SVO** varð jákvæður vilji til uppbyggingar að reiðibylgju sem gaus upp eftir jól. Allt koðnaði þetta þó niður um leið og ný settleg ríkisstjórn tók við og ný stjórnarandstaða hóf gjammandi upp sitt inni-stæðulausa raus. Þá var sem búið væri að troða hugsunum fólks og væntingum í ný hól. Við viljum hól. Steingrímur og Jóhanna gátu séð um þetta hér eftir.

**SÍÐAN** hefur stemningin verið eins og allir séu sokknir í risapott af storknandi karamellu. Þar er engin hreyfing af því enginn kemst neitt. Það er endalaust tuðað um Icesave í algjöru andleysi og yfirþyrmandi húmorsleysi. Karamellan er svo seig að allar undankomu-leiðir eru jafn vonlausar. Annað hvort borgum við ekki og verðum vinalaus úrhrök eða við borgum og skríðum mót framtíðinni með hræðilega skuldabagga og allt niðrum okkur eins og aumingjar. Og allt þetta bara af því að nokkrir bankabjárnar ætluðu að græða svo rosalega. Hvar er sanngirninn? Arrggghhhh!!!

**HVAR** sem tveir koma saman er byrjað að fjasa um þetta helvítis klúður. Ekki líður á löngu áður en allir eru orðnir brjálaðir í skapinu því þetta er svo yfirgengilega ósanngjarnt. Voru þetta ekki einkafyrirtæki? Hvernig í andskotanum geta nokkrir klúðrarar dregið heilt þjóðfélag á botninn en sloppið sjálfir? Voru þessir menn ekki á þessum rosalaunum af því þeir báru svo ægilega mikla ábyrgð? Af hverju eru þeir ekki ryksugaðir? Hvað varð um ábyrgðina?

**SVONA** umlykur karamellan samfélagið sumarið 2009. Og Icesave er bara toppur skuldafsjakans. Afsakið á meðan ég lem mig í hausinn með hamri.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er fimmtudagurinn 23. júlí 2009, 204. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.06	13.34	23.00
Akureyri	3.28	13.19	23.07

Heimild: Almanak Háskólans

# SPORTBÚÐIN

## Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum



**Frábært verð**  
Ron Thompson alklaðnaður í veiðina. Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útdundun. Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.



**Hefurðu séð betra verð?**  
Við höfum ekki séð betra verð á spúnnum. aðeins 299 kr. stykkið.



**Ódýru fluguhjólin**  
Okuma Airframe fluguhjól. Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum. Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.



**Flugulínur á finu verði**  
Ron Thomson flotlínur á ótrúlegu verði. Aðeins 4.995.



**Sportbúðin býður betur**  
Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði



**Ódýrir veiðijakkar**  
Ron Thompson vatnsheldur veiðijakki með fjölda vasa. Líttu á verðið. Aðeins 12.980



**Ótrúlegt verð**  
Flugustangir á frábæru verði. Aðeins frá 5.995.



**Góðar vöðlur á góðu verði**  
Þunnar Nylo-Stretch vöðlur með áföstum stigvélum. Frábært verð. Aðeins 14.995.



**Hálfvirði**  
Okuma og DAM veiðihjól. 50% afsláttur af völdum hjólum. Gott úrval og frábært verð.



**Stál og hnifar**  
Hnifasettin komin aftur. Áfram sama góða verðið 4.995



Í leiðinni úr bænum



**Góð veiðivesti á ótrúlegu verði.**  
Aðeins 2.995.

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is

512 5050

Auglýsingasími

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið